



ÁRSSKÝRSLA

20  
13



ÁRSSKÝRSLA

20  
13



Háskólinn  
á Akureyri






## EFNISYFIRLIT

---

Stjórn	bls. 6
Skipurit	bls. 6
Formáli rektors	bls. 8
Nemendafjöldi	bls. 10
Starfsmenn	bls. 11
Gæðamál	bls. 12
Góðvinir Háskólans á Akureyri	bls. 13
Heilbrigðisvísindasvið	bls. 14
Hug- og félagsvísindasvið	bls. 18
Miðstöð skólaþróunar	bls. 24
Viðskipta- og raunvísindasvið	bls. 26
Markaðs- og kynningarsvið	bls. 32
Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið	bls. 33
Nemendur og deildir	bls. 34
Nemendaskrá	bls. 37
Fjamám	bls. 38
Rannsókn- og þróunarmiðstöð HA - RHA	bls. 40
Upplýsingasvið	bls. 42
Félag stúdenta við HA - FSHA	bls. 43
Félagsstofnun stúdenta - FÉSTA	bls. 45
Símenntun HA	bls. 46
Sjávarútvegsmiðstöðin við HA - SHA	bls. 47
Rannsóknarmiðstöð ferðamála - RMF	bls. 48
Norðurlóðanet Íslands	bls. 50
Samningar	bls. 51
Styrkir	bls. 52
Eitt og annað	bls. 54
Ársreikningur	bls. 62
Brautskráning	bls. 64
Brautskráningarræða rektors	bls. 66
Brautskráðir - myndir	bls. 70
Brautskráðir – listi	bls. 74
Lokaverkefni	bls. 76



## STJÓRN

Yfirstjórn háskólans er falin háskólaráði og rektor og er háskólaráð æðsti ákvörðunaraðili innan háskólans. Háskólaráð hélt 17 formlega fundi árið 2013.

Háskólafundur er haldinn a.m.k. einu sinni á ári. Hann er vettvangur fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar nemenda, kennara og annars starfsfólks sitja háskólafundum. Haldinn var einn háskólafundur á árinu.

Framkvæmdastjórn sér um samræmingu á daglegum rekstri háskólans. Þar er farið yfir fjármál, áætlanagerð, uppgjör og tekur ákvarðanir um samstarfssamninga, rætt um framgang þróunarverkefna og nýsköpunar, auk samræmingar verkefna á milli einstakra akademískra skipulagseininga og háskóla-skrifstofu. Stjórnin er skipuð rektor, forsetum fræðasviða og framkvæmdastjóra.

Við háskólann starfar gæðaráð. Meginhlutverk þess er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Sæti í gæðaráði eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður nemendaskrár, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir fulltrúar frá nemendum.

**Háskólaráð er skipað skv. lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með síðari breytingum. Eftirtaldir fulltrúar skipuðu háskólaráð árið 2013:**

Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, fulltrúi menntamálaráðherra

Hermína Gunnþórsdóttir lektor, fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson prófessor, fulltrúi háskólasamfélagsins

Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri, fulltrúi háskólaráðs

Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri, fulltrúi háskólaráðs

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir nemi, fulltrúi Félags stúdentna við Háskólann á Akureyri – FSHA

### Til vara:

Hallur Gunnarsson tölvunarfræðingur, fulltrúi menntamálaráðherra

Sigríður Vilhjálmsdóttir verkefnastjóri, fulltrúi háskólasamfélagsins

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur, fulltrúi háskólaráðs

Aníta Einarsdóttir nemi, fulltrúi Félags stúdentna við Háskólann á Akureyri – FSHA

### Rektor:

Stefán B. Sigurðsson, prófessor

### Framkvæmdastjóri:

Ólafur Halldórsson

### Gæðastjóri:

Sigrún Magnúsdóttir

### Fræðasvið og forsetar fræðasviða.

Háskólinn skiptist í þrjú fræðasvið skv. 7. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 með síðari breytingum.

### Heilbrigðisvísindasvið:

Árún Kr. Sigurðardóttir var forseti heilbrigðisvísindasviðs, fyrst ráðin í stöðuna árið 2009.

Ráðningartími Árunar rann út og var staðan auglýst. Árún Kr. Sigurðardóttir var aftur ráðin í stöðuna frá og með 1. janúar 2014. Staðgengill forseta var Hafdís Skúladdóttir lektor.

**Hug- og félagsvísindasvið:**

Sigurður Kristinsson var forseti hug- og félagsvísindasviðs, fyrst ráðinn í stöðuna árið 2008. Ráðningartími Sigurðar rann út og staðan var auglýst. Sigrún Stefánsdóttir, fjölmiðafræðingur, var ráðin í stöðuna frá og með 1. desember. Staðgengill forseta var Elín Díanna Gunnarsdóttir, dósent.

**Viðskipta- og raunvísindasvið:**

Ögmundur Knútsson var forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, ráðinn í stöðuna árið 2012. Staðgengill forseta var Hreiðar Þór Valtýsson, lektor.

**Fjármála-starfsmanna- og rekstrarsvið:**

Úlfar Hauksson

**Nemendaskrá:**

Stefán Jóhannsson

**Markaðs- og kynningarsvið:**

Dagmar Ýr Stefánsdóttir til 1. ágúst. Dagmar sagði starfi sínu lausu, staðan var auglýst og var Kristín Ágústsdóttir ráðin frá og með september.

**Rannsókn- og þróunarmiðstöð HA – RHA:**

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir. Guðrún Rósa var í ólaunuðu leyfi á fyrri hluta árs. Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur, var staðgengill hennar.

**Upplýsingasvið:**

Astrid Margrét Magnúsdóttir

**Reglur og stefnumál samþykkt af háskólaráði 2013**

Reglur nr. 636/2103 um breytingar á reglum um rannsóknamisseri kennara við HA nr. 355/2012.

Reglur um stjórnskipulag heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri nr. 812/2013.

Breyting á reglum um gæðaráð Háskólans á Akureyri (forstöðumaður nemendaskrár á sæti í gæðaráði).

Breyting á reglum um akademísk gestastörf við Háskólann á Akureyri (heimilt að nota hvort heldur er starfsheiti sem lúta bresku eða bandarísku kerfi).

Starfsreglur stefnunefndar Sjúkrahússins á Akureyri og Háskólans á Akureyri (á grundvelli rammasamnings milli aðila frá í desember 2012).

STEFÁN B. SIGURÐSSON

## FORMÁLI REKTORS

Nýtt háskólaráð kom fyrst saman fullskipað þann 25. janúar 2013. Fyrir lá rekstraráætlun ársins sem fól í sér að í árslok yrði uppsafnaður rekstrarhalli frá fyrri árum úr sögunni. Það stóðst, þökk sé styrki fjármálastjórn og samstilltu átaki yfir-  
stjórnar og starfsfólks. Staða háskólans er því góð.

Árið 2013 einkenndist af undirbúningi fyrir ytri úttekt á háskólastarfinu á vegum gæðaráðs háskólanna. Ráðið er skipað erlendum sérfræðingum og ber það ábyrgð á eftirliti með gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla. Nánar greinir frá því í umfjöllun um gæðamál í ársskýrslunni. Vil ég þakka öllum starfsmönnum háskólans sem lögðu sitt lóð á vogarskálarnar í þessu mikilvæga máli. Einnig samtökum nemenda háskólans sem sýndu verkefninu lifandi áhuga og leystu það með sóma af sinni hálfu.

Í byrjun árs 2013 fengu þrettán kennarar úthlutað rannsóknarmisserum í samræmi við fjárheimildir skólans, tvöfalt fleiri en árið 2012. Með því má segja að úthlutun rannsóknarmissera sé komin í eðlilegt horf eftir þriggja ára hlé meðan tekist var á við niðurskurð á framlagi ríkisins til háskólamála.

Af starfsmannamálum má einnig nefna að háskólinn réði starfsmann í nýja stöðu kennsluráðgjafa háskólakennslu, með sérþekkingu á fjarkennslu. Staðan er hluti af samvinnuverkefni opinberu háskólanna.

Aðgerðaáætlun háskólans, í tengslum við stefnu skólans fyrir árið 2013, var sýnileg á innri vef háskólans. Þar gátu starfsmenn og nemendur fylgst með stöðu einstakra verkefna hverju sinni. Nokkrir nýttu sér það tækifæri til að senda yfir-  
stjórn fyrirspurnir varðandi gang mála.

Ugla er sameiginlegt innra net opinberu háskólanna. Innleiðing Uglunnar í HA byrjaði fyrir alvöru árið 2012 en aðdragandinn var lengri. Verkefnið má rekja til samstarfs opinberu háskólanna sem menntamálaráðherra stofnaði til árið 2010. Margvíslegir örðugleikar komu fram við upptöku Uglunnar. Starfsfólk háskólans hefur brugðist við og leyst mörg þessara vandamála af þolinmæði og útsjónarsemi sem hér skal þakkað fyrir.

Háskólaráð samþykkti að senda *drög að reglum um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri* sem fylgiskjal með umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA.

Samráðsnefnd um framhaldsnám við HA vinnur að lokagerð umsóknar til mennta- og menningarmálaráðherra.

Þann 20. september var vígður fimmti áfangi bygginga háskólans á Sólborg. Það er svokallað O-hús þar sem starfsfólk kennaradeildar HA og miðstöðvar skólaþróunar hefur aðsetur. Við þetta tækifæri var einnig haldið upp á 20 ára afmæli kennaradeildar.

Háskólinn fékk styrk úr Listskreytingasjóði ríkisins til að endurnýja verkið *Some Thames* eftir listakonuna Roni Horn. Verkið samanstendur af 80 ljósmyndum sem tengja saman ýmis rými skólans.

Háskólinn tók móti Grænfánanum á Degi íslenskrar náttúru þann 16. september. Grænfáninn er veittur af Landvernd sem viðurkenning fyrir góða umhverfismennt. Til að skólinn gæti orðið handhafi Grænfánans þurfti að vinna markvisst í umhverfismálum. Sem dæmi er sorpflokkun skólans sem flestir þekkja og gestum þykir vera til fyrirmyndar. Umhverfisráði háskólans er hér með þökkud árangursrík vinna í þágu umhverfismála.

Norðurslóðamál eru ofarlega á baugi hjá Háskólanum á Akureyri. Háskólinn hósti embætti rannsóknarprófessors í norðurslóðafræðum, svokallaða Nansensstöðu, fyrsta árið af þremur.

Staðan er veitt á grundvelli samnings milli utanríkisráðuneytisins og HA. Til grundvallar er samningur milli utanríkisráðuneyta Íslands og Noregs. Á þeim sama grunni hefur starfsfólk háskólans fengið styrki til að efla samstarf við háskólann í Nordland (Bodø) og háskólann í Tromsø í Noregi sem og við háskólann í Alta í Finnlandi.

*Norðurslóðanet Íslands* var stofnað formlega í febrúar með undirritun samnings milli utanríkisráðuneytisins og Norðurslóðanetsins. Háskólinn á Akureyri er meðal stofnaðila þess og á einn aðila af þremur í stjórn. Nánar er fjallað um Norðurslóðanetið síðar í ársskýrslunni. Einnig má nefna að við háskólann vinnur starfshópur að því að móta hugmyndir um námsframboð í anda norðurslóðasamstarfs.






## NEMENDAFJÖLDI


Alls voru 1.568 nemendur skráðir til náms á haustmisseri 2013. Í staðarnám voru skráðir 592 nemendur, 721 í fjarnám og 255 skráðir í lotunám. Konur voru í miklum meirihluta eins og verið hefur eða 1.225 og karlar voru 343. Miðað er við nemendatölur nemenda 15. október 2013.

Alls var 80 umsækjendum sýnjað um skólavist.

Heildarfjöldi nemenda



### Nemendur haustmisseri 2013





## STARFSMENN

Á árinu hlutu eftirtaldir starfsmenn framgang, hæfisdóma í tengslum við ráðningar, eða hæfisdóma á grundvelli 1. gr. reglna um störf dómnefndar, ráðningar og framgang háskólakennara við HA nr. 1207/2007:

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, prófessor við hug- og félagsvísindasvið

Kristín Dýrfjörð, dósent við hug- og félagsvísindasvið

Vífill Karlsson, dósent við viðskipta- og raunvísindasvið

Hlynur Ármannson útibússtjóri, lektorshæfi við Háskólann á Akureyri

Alexander Smárason sérfræðingur, prófessorshæfi við Heilbrigðisvísindastofnun HA – HHA

Edward H. Huijbens forstöðumaður, prófessorshæfi við Háskólann á Akureyri

Trausti Þorsteinsson dósent við hug- og félagsvísindasvið

Rachael Lorna Johnstone, prófessor við hug- og félagsvísindasvið

Markus Meckl, prófessor við hug- og félagsvísindasvið

Hermann Óskarsson, prófessor við heilbrigðisvísindasvið

Rannsóknarmissemi voru tekin upp að nýju við Háskólann á Akureyri haustið 2012 eftir þriggja ára hlé vegna efnahagsástandsins. Vorið 2013 voru eftirtaldir starfsmenn í rannsóknarmissemi:

Anna Ólafsdóttir dósent, Birgir Guðmundsson dósent, Guðmundur H. Frímannsson prófessor, Sigríður Halldórsdóttir prófessor.

Hildigunnur Svavarsdóttir lektor var í rannsóknarmissemi haustið 2012 og í janúar 2013.

Haustið 2013 voru þessir starfsmenn í rannsóknarmissemi:

Kjartan Ólafsson lektor, Markus Meckl prófessor, Hilmar Þór Hilmarsson prófessor, Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent, Giorgio Baruchello prófessor, Rachael Lorna Johnstone prófessor, Sigþór Pétursson prófessor, Árun Kr. Sigurðardóttir prófessor og Steingrímur Jónsson prófessor.

Fastir starfsmenn	Karlar	Konur	Alls
Prófessorar	21	7	28
Dósentar	10	16	26
Lektorar	11	20	31
Aðjúnktar	7	14	21
Sérfræðingar	5	13	18
Skrifstofufólk	8	32	40
Aðrir	9	9	18
<b>Samtals</b>	<b>71</b>	<b>111</b>	<b>182</b>

Að auki eru 7 aðilar í ólaunuðum stöðum við HA, flestir prófessorar.

Rannsóknarvirkni, mæld í fjölda birtra ritrýndra fræðigreina, er einn ábyggilegasti mælikvarði á gæði rannsóknarstarfs sem háskólar ráða yfir. Við Háskólann á Akureyri hafa birtingar aukist jafnt og þétt síðustu ár og á árinu 2013 voru 92 birtingar í ritrýndum tímaritum, bókum og ráðstefnuritum. Var það aukning frá árinu á undan. Hins vegar fækkaði greinum birtum í ISI ritum um sextán talsins milli ára og hafa þær ekki verið svo fáar frá árinu 2007.

## GÆÐAMÁL

---

Gæðaráð heldur fundi að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og hélt alls ellefu fundi árið 2013. Sæti í ráðinu eiga rektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri, gæðastjóri, forstöðumaður nemendaskrár, tveir fulltrúar starfsmanna háskólans og tveir frá nemendum. Rektor er formaður og ritari rektors ritari þess.

Á árinu sátu eftirtaldir fundi í gæðaráði: Stefán B. Sigurðsson, rektor, Árún Kr. Sigurðardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs, og Hafdís Skúladóttir og Kristjana Fenger sem staðgenglar hennar, Ögmundur Knútsson, forseti viðskipta- og raunvísindasviðs, og Hreiðar Þór Valtýsson og Helgi Gestsson sem staðgenglar hans. Sigurður Kristinnsson, forseti hug- og félagsvísindasviðs, þar til í desember þegar Sigrún Stefánsdóttir tók við starfi hans. Elín Díanna Gunnarsdóttir sat fundi í ráðinu sem staðgengill Sigurðar, en hún sat einnig í ráðinu sem fulltrúi akademískra starfsmanna þar til umboð hennar rann út. Staðgengill Elínar Díönnu var Finnur Friðriksson, en í september var hann skipaður aðalfulltrúi akademískra starfsmanna. Varamaður Finns er Sigríður Sía Jónsdóttir. Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri og Steinunn Aðalbjarnardóttir, forstöðumaður kennslusviðs, sátu fundi ráðsins. Heiða Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri, fulltrúi starfsfólks við stjórnsýslu/stoðþjónustu, meðan umboð hennar entist, sem og Ingveldur Tryggvadóttir, varamaður hennar. Ennfremur Ingibjörg Smáradóttir skrifstofustjóri, sem tók við af Heiðu Kristínu. Aðalfulltrúar nemenda á árinu voru Kolbrún Eva Ríkhardsdóttir og Katla Valdís Ólafsdóttir til vors 2013 en þá tóku Júlía Sjörup Eiríksdóttir og Ólöf Heiða Óskarsdóttir við. Varafulltrúar nemenda voru Katrín Þorbjörnsdóttir og Ester Ósk Waage. Guðrún María Kristinsdóttir var ritari ráðsins.

Meginhlutverk gæðaráðs er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að hann standist ávallt þær kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Á árinu fjallaði gæðaráð meðal annars um námsmat og námskeiðsmat. Reglubundið var fjallað um stöðu innleiðingar á upplýsingakerfinu Uglu. Endurskoðuð gæðahandbók HA var samþykkt á árinu en hún er rafræn og aðgengileg nemendum og starfsfólki í Uglu. Staða sjálfsmats deilda háskólans er rædd reglubundið á gæðaráðsfundum og á árinu samþykkti ráðið leiðbeiningar vegna þess. Turnitin hugbúnaðurinn, sem ætlað er að koma í veg fyrir ritstuld, var keyptur sameiginlega af samstarfsneti íslenskra háskóla fyrir alla háskóla landsins. Fjallaði gæðaráð

um verklags- og innleiðingaráætlun vegna hugbúnaðarins í HA á árinu.

Aðgangsviðmið voru sett fyrir allar námsbrautir í HA, að tilögu starfshóps sem skipaður var vegna verkefnisins. Gæðaráð samþykkti sniðmát fyrir meistaraaritgerðir ásamt útliti kápu. Einnig var samþykkt að nemendum yrði boðið upp á kynningu í notkun sniðmátsins.

Af stærri verkefnum má nefna að á vormisseri 2013 hófst formlega undirbúningur að stofnanaúttekt gæðaráðs háskólanna með skipun starfshóps og samþykkt gæðaráðs á verklagi fyrir greiningarvinnuna sem framundan var. Ýmis teymi, svo sem kannanateymi, teymi um brotthvarf, Bolognateymi og lykiltöluteymi, höfðu mikilvægu hlutverki að gegna við öflun gagna sem stofnanaúttektin byggði á. Kannanateymi sendi meðal annars frá sér námsumhverfiskönnun, þar sem þátttakendur voru núverandi nemendur, og viðhorfskönnun meðal nemenda frá HA sem brautskráðust 2008 og 2011 frá öllum deildum skólans (frá auðlindadeild og lagadeild voru allir nemendur frá upphafi með í könnuninni). Brotthvarfsteymið stóð einnig að viðamikilli könnun á brotthvarfi nemenda frá háskólanum, og Bolognateymið gerði úttekt á innleiðingu hæfniviðmiða og tengslum þeirra við kennsluhætti og námsmat.

Viðskiptadeild, kennaradeild og félagsvísindadeild luku sjálfsmati á árinu samkvæmt gæðahandbók gæðaráðs háskólanna *Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education*. Í október var gæðaráði gerð grein fyrir niðurstöðum og aðgerðaáætlunum vegna umbóta, og samþykkti ráðið áætlun um eftirfylgni með sjálfsmatinu.

Menntamálaráðherra skipaði Sigrúnu Magnúsdóttur gæðastjóra í ráðgjafanefnd fyrir gæðaráð háskólanna sem hefur eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna við íslenska háskóla skv. lögum nr. 63/2006.

Prófessor Frank Rennie frá University of the Highlands and Islands heimsótti HA í mars og hélt vinnustofur með kennurum og starfsfólki um blandað og sveigjanlegt nám.



## GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Góðvinir eru samtök nemenda, sem brautskráðir eru frá Háskólanum á Akureyri, og annarra velunnara háskólans. Markmið samtakanna eru, að auka tengsl háskólans við fyrrum nemendur sína, og að styðja við uppbyggingu háskólans eftir fremsta megni, fjárhagslega og á annan hátt. Þetta gera Góðvinir meðal annars með því, að heiðra nemendur við brautskráningu, innheimta félagsgjöld og styðja við háskólann með gjöfum.

Það bar hæst í starfsemi félagsins á árinu, að Góðvinir tóku þátt í að halda veislu eftir brautskráningu kandiáttanna í júní, en þangað var afmælisárgöngum einnig boðið. Þátttaka var góð, bæði meðal afmælisárganga og nýbrautskráðra stúdenta.

Einnig var gert átak til að fjölga félögum, með því að senda greiðsluseðla fyrir félagsgjöld á stærri hóp en áður hefur tíðkast.

Góðvinir heiðra árlega við brautskráningu einn nemanda frá hverju fræðasviði. Verðlaunin eru veitt þeim nemendum, sem

hafa innt af hendi hvað best og óeigingjarnast starf í þágu háskólans, á þeim tíma sem þeir voru við nám. Eru það gullnælur, sérstaklega hannaðar og smíðaðar fyrir Góðvini.

**Aðalfundur fyrir árið 2012 var haldinn 1. júlí 2013 og þá var kjörin ný stjórn fyrir Góðvini. Hana skipa:**

Eva Björk Heiðarsdóttir, formaður

Eyrún Elva Marinósdóttir, varaformaður

Njáll Trausti Friðbertsson, meðstjórnandi

Agnes Eyfjörð, gjaldkeri og fulltrúi HA

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, fulltrúi FSHA

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs HA, var einnig starfsmaður Góðvina fram í miðjan september en þá hvarf hún frá skólanum til annarra starfa. Nýr forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, Kristín Ágústsdóttir, hefur starfað með Góðvinum síðan.



Frá afhendingu viðurkenninga á háskólahátíð þann 15. júní.

Frá vinstri: Eva Björk Heiðarsdóttir, formaður stjórnar Góðvina, þá nemendum sem fengu viðurkenningu: Kristín Baldvinsdóttir, Hafrún Dögg Hilmarsdóttir, Justyna Wroblewska og Dagný Linda Kristjánsdóttir. Loks Stefán B. Sigurðsson, rektor.

## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Heilbrigðisvísindasvið skiptist í þrjár deildir: hjúkrunarfræðideild, iðjubjálfunarfræðideild og framhaldsnámsdeild. Innan heilbrigðisvísindasviðs er einnig Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA sem starfar í tengslum við Sjúkrahúsið á Akureyri. Hlutverk heilbrigðisvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í heilbrigðisvísindum, svo sem hjúkrunarfræði og iðjubjálfunarfræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda.

Vorið 2013 brautskráðust alls 70 nemendur frá heilbrigðisvísindasviði, þar af 46 með BS próf í hjúkrunarfræði og 18 með BS próf í iðjubjálfunarfræði. Úr framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum brautskráðust tveir með 120 eininga meistaraáráðu og

Stjórnskipulagi heilbrigðisvísindasviðs er lýst í reglum nr. 812/2013.

### Rannsóknir

Rannsóknarstarfsemi er öflug á heilbrigðisvísindasviði og kennarar sviðsins eru í rannsóknarsamstarfi við erlenda og innlenda fræðimenn. Unnið var við skrif úr niðurstöðum úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu *Eflandi fræðsla til liðskipta-sjúklinga – mat og alþjóðlegur samanburður*, en þátttakendur í því eru frá sjö löndum í Evrópu. Áfram er unnið að rannsóknum meðal fólks með lungnasjúkdóma í samstarfi við Uppsalaháskóla. Þróun kenninga hefur verið nokkuð áberandi innan heilbrigðisvísindasviðs og má þar nefna kenningu um

faglega færni hjúkrunarfræðinga. Rannsóknir er lúta að verkjum og langvinnum verkjum eru áberandi en unnið er úr gögnum rannsóknarinnar *Langvinnir verkir, notkun á heilbrigðisþjónustu og heilsutengd lífsgæði*, en viðamiklar upplýsingar um líðan, aðgengi að og samskipti við heilbrigðisþjónustu fengust frá 1.586 einstaklingum í þeirri rannsókn. Rannsóknir um sálræn áföll og ofbeldi og um sálræna líðan barnshafandi kvenna eru í gangi og rannsóknir sem tengjast krabbameini og lífslokameðferð, auk rannsókna um upplifun fólks af bráðþjónustu á geðdeildum, endurhæfingarþjónustu og starfsendurhæfingu fullorðinna. Rannsóknir á því, hvernig heilbrigðisstarfsfólk og hjartasjúklingar álíta að fræðsla eigi að vera, fyrir þá sem nýlega hafa fengið hjartaáfall, hófust á

árinu, sem og rannsókn um skjólstaðingsmiðaða endurhæfingu. Unnið er að rannsóknum á starfslokum sjómanna, notkun persónumiðaðs sjálfsmats í endurhæfingu og á upplifun kvenna af sársauka og meðferð við sársauka í fæðingu, sem og á væntingum og viðhorfum barnshafandi kvenna til sársauka og meðferðar við sársauka. Rannsóknir um mat á faglegri færni hjúkrunarfræðinema og nýliða í hjúkrun eru í gangi sem og þýðingar og (stöðlun) aðlögun matstækja að íslenskum veruleika tengdum fræðum sviðsins. Rannsóknarverkefni í tengslum við mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga og á heilbrigðismálum Fjallabyggðar heldur áfram en verkefnið tengist Héðinsfjarðargöngum. Þar eru könnuð viðhorf og reynsla íbúa af heilbrigðisþjónustu í sínum byggðarlögum fyrir og eftir opnun ganganna. Þá ber að nefna langtímarannsókn á aðstæðum og viðhorfum nemenda með hreyfihömlun, rannsóknir á

„Þróun kenninga hefur verið nokkuð áberandi innan heilbrigðisvísindasviðs og má þar nefna kenningu um faglega færni hjúkrunarfræðinga.“

fjórir með 40 eininga viðbótarpróf á meistaraástigi.

Á haustmisseri 2013 var samtals 451 nemandi við nám á heilbrigðisvísindasviði. Nám í hjúkrunarfræði stunduðu 260 nemendur og í iðjubjálfunarfræði voru 115 nemendur. Í framhaldsnámi í heilbrigðisvísindum voru 76 nemendur, 28 í viðbótarnámi á meistaraástigi og 48 í meistaranámi.

Fastir starfsmenn heilbrigðisvísindasviðs eru 28 í tæplega 20 stöðugildum, þar af eru tveir ráðnir til HHA. Auk fastra starfsmanna koma tugir stundakennara að kennslu á fræðasviðinu. Allir fastir starfsmenn eiga sæti á deildafundum heilbrigðisvísindasviðs ásamt fulltrúum stundakennara og nemenda.

Ágætt samstarf er við háskóla á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Kanada og víðar.



## HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í samvinnu við Akureyrarbæ, Æfingastöðina og sjálfstæða heilbrigðisstofnun á Reykjavíkursvæðinu, sem og rannsóknir á lífsgæðum barna og unglinga.

Kennarar fræðasviðsins tóku virkan þátt í vísindaráðstefnum erlendis og heima, má þar helst nefna ráðstefnuna *Hjúkrun 2013* og málþing um iðjubjálfunarfræði, byggt á erindum fluttum á Evrópuráðstefnu um iðjubjálfun.

### Málþing og ráðstefnur

Nokkur málþing og ráðstefnur voru haldnar á vegum fræðasviðsins á árinu 2013. Eigindlegt samræðuþing eða málþing um eigindlegar rannsóknir var haldið í apríl. Málstofur heilbrigðisvísindasviðs hafa verið haldnar einu sinni í mánuði allt skólaárið og hefur aðsókn verið góð.

### HJÚKRUNARFRÆÐI

Nám í hjúkrunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með BS gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum svo og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar og hjúkrunarfræðigreinar. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli.

Beita þurfti fjöldatakmörkunum í hjúkrunarfræði haustið 2013 en 132 nemendur hófu þá nám. Fimmtíu nemendur mega halda áfram námi á vörmisseri fyrsta árs. Klínískt nám hefst strax á fyrsta námsári. Fer það fram víða um land og tekur samtals 24 vikur.

Hjúkrunarfræðideild hefur sett fram stefnu um að með hverjum árgangi í staðarnámi í hjúkrunarfræði fylgi hópur fjarnemenda. Miðað er við að a.m.k. tíu nemendur hefji fjarnámið hverju sinni. Haustið 2013 var hópur fjarnemenda á fjórða ári á Akranesi og hópur á þriðja ári stundaði nám á Selfossi. Hópur á öðru ári var í Reykjanesbæ og á Ísafirði, hópur fyrsta árs nemenda var á Selfossi og á Austfjörðum.

Á árinu 2013 fóru fjórir nemendur HA í hjúkrunarfræði í skiptinám erlendis í klínískum hluta námsins. Tíu erlendir nemendur komu til Íslands til að taka klínískt nám á vegum hjúkrunarfræðideildar HA.

### IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐI

Nám í iðjubjálfunarfræði er 240 ECTS einingar, tekur fjögur ár og lýkur með BS gráðu. Markmið námsins er að búa nemendur undir að gegna margvíslegum störfum er tengjast iðjubjálfun á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu auk þess að veita góða undirstöðu í skipulagningu og stjórnun þjónustu.

Námið skiptist í raunvísindi, hug- og félagsvísindagreinar, heilbrigðisvísindi og iðjuvísindi. Námið tekur mið af þörfum íslenska heilbrigðiskerfisins jafnframt því að mæta alþjóðlegum staðli. Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Vettvangsnám í iðjubjálfun er 25 vikur og hefst í lok annars námsárs. Það fer fram undir handleiðslu iðjubjálfa víða um land.

Eingöngu er hægt að nema iðjubjálfunarfræði hér á landi við Háskólann á Akureyri, sem staðarnám frá 1997 og haustið 2008 bættist fjarnám við. Fjarnemar stunda nám í sinni heimabyggð og dreifast því um allt land en koma í námslotur til Akureyrar á hverju misseri. Fjarkennsluhættir eru í stöðugri þróun í samvinnu kennara, nemenda og tæknifólks HA. Stærsti hluti kennslunnar fer fram yfir internetið.

### Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Haustið 2003 hófst 120 ECTS eininga meistaranám í heilbrigðisvísindum við heilbrigðisvísindasvið. Námið byggir á þverfaglegum grunni. Það er byggt upp af 60 einingum í námskeiðum og meistaraaritgerð sem er 60 einingar að jafnaði. Þrjú námskeið, samtals 30 einingar, eru skyldunámskeið, en hinar 30 einingarnar eru valnámskeið, þar af skal nemandi að öllu jöfnu taka tvö námskeið innan heilbrigðisvísindasviðs. Námið veitir prófgráðuna MS í heilbrigðisvísindum. Einnig er hægt að ljúka 45 eininga viðbótarprófi á meistaraþingi sem veitir Dipl S í heilbrigðisvísindum.

Flestir framhaldsnemar velja sér almennt svið innan framhaldsnámsins og þróa þá sérsvið sitt sjálfir með aðstoð ráðgjafa út frá áhugasviði sínu. Í meistaranáminu er lögð áhersla á að nemar velji sér námskeið sem undirbyggja sem best meistaraaverkefni þeirra. Leiðarljós í skipulagi meistaranámsins í heilbrigðisvísindum er þverfagleg áhersla á heilsu, virkni






og vellíðan. Þetta leiðarstef hefur gefið tilefni til áhugaverðra rannsóknarverkefna í tengslum við meistaranámið. Sérsvið sem eru í boði: 1. *Almenn námslína*, 2. *Öldrun og heilbrigði*, 3. *Stjórnun innan heilbrigðisþjónustunnar*, 4. *Langvinn veikindi*, 5. *Krabbamein og líknarmæðferð*, 6. *Sálræn áföll, ofbeldi og áfallastreita* og 7. *Fötlun og endurhæfing*. Unnið er að stofnun fleiri námsleiða og má þar nefna námsleið um a) starfsendurhæfingu sem er samvinnuverkefni HA og Félagsráðgjafadeildar HÍ, unnið með styrk frá samstarfi opinberu háskólanna, b) geðheilbrigði og c) um heilsugæslu og heilsuefingu.

#### **Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri – HHA**

Hlutverk Heilbrigðisvísindastofnunar HA – HHA er að vera sameiginlegur vettvangur starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum, miðlunar þekkingar og kynningar á rannsóknum starfsmanna. Á árinu störfuðu þrír starfsmenn við stofnunina, allir í hlutastörfum. Auk stóðu forstöðumanns er ein staða prófessors og ein staða dósents. Starfsmenn komu að kennslu við heilbrigðisvísindasvið HA á sínum sérsviðum.

Megináhersla var lögð á að gera rannsóknir starfsmanna sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirkni starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri og tengja verkefni nemenda HA við þarfir sjúkrahússins. Í september var haldinn vísindadagur í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem starfsmenn kynntu rannsóknir sínar.



## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í félagsvísindadeild, kennaradeild, lagadeild og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, en hún starfar í gagnvirkum tengslum við kennaradeild. Hlutverk hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði og menntavísindum.

Vorið 2013 brautskráðust 135 nemendur af hug- og félagsvísindasviði. Frá félagsvísindadeild brautskráðust 33 kandidatar, þar af voru átta með BA próf í fjölmiðlafræði, þrjú í nútímafræði, 17 í sálfræði, þrjú í samfélags- og hagþróunarfræði og tveir í þjóðfélagsfræði. Frá kennaradeild brautskráðust 73

endur þar af 79 í BEd námi, níu í kennslufræði til kennsluréttinda, 83 í MEd námi samkvæmt námsskipulagi fimm ára kennaranáms, 83 í öðru diplóma- og meistaranámi og einn utan brauta. Í lagadeild voru 97 nemendur þar af 53 í BA námi í lögfræði, 30 í ML námi og 14 í námi í heimskautarétti.

Fastir starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs voru 65 haustið 2013. Auk fastra starfsmanna kom að starfi sviðsins fjöldi stundakennara að viðbættum kennurum á öllum skólastigum víðs vegar um land sem tóku að sér að veita nemendum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Fjölbreyttar rannsóknir voru stundaðar á hug- og félagsvísindasviði og átta kennarar og sérfræðingar í samstarfi við fjölmarga aðila innanlands og erlendis. Rannsóknir kennara og sérfræðinga birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum, auk ótal fyrirlestra og erinda á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Helstu rannsóknarsvið hversrar deildar eru tíunduð í umfjöllun um hverja þeirra hér á eftir.

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við Háskólann á Akureyri á árinu, enda kennt á ensku í allmörgum námskeiðum í félagsvísindadeild og lagadeild, þar með talið heilli námsbraut í heimskautarétti, auk þess sem á sviðinu voru vistuð sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema. Einnig voru nemendur úr öllum deildum sviðsins skiptinemar við erlenda háskóla og Háskóla Íslands.

### FÉLAGSVÍSINDAEILD

Lokið var gerð sjálfsmatsskýrslu (institution-led review at the subject level) í félagsvísindadeild á árinu, í samræmi við gæðastefnu HA. Markmið matsvinnunnar var meðal annars að skilgreina atriði sem þarfnast úrbóta en matsferlið varpaði einnig ljósi á marga jákvæða þætti í starfsemi deildarinnar. Sú fjölgun nemenda sem varð í félagsvísindadeild með nýjum fjarnámsleiðum virðist ætla að verða til frambúðar ef marka má aðsókn á árinu 2013. Brugðist hefur verið við auknum nemendafjölda meðal annars með því að taka upp tvær stöður brautarstjóra, annars vegar í sálfræði og hins vegar í fjölmiðlafræði, félagsvísindum og nútímafræði. Samhliða þessu hefur náms- og matsnefndum sem

*„Rannsóknir kennara og sérfræðinga birtust í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum, auk ótal fyrirlestra og erinda á ráðstefnum, námstefnum og námskeiðum innanlands sem utan.“*

kandidatar, þar af 36 í kennarafræði, þrjú með kennslufræði til kennsluréttinda, sex með diplómu í menntunarfræðum, fjórir með diplómu í menntavísindum, fimm með meistaraþróf í kennarafræði og 19 með meistaraþróf í menntunarfræðum. Frá lagadeild voru brautskráðir 29 kandidatar, þar af 16 með BA próf í lögfræði, 11 með ML gráðu í lögfræði, einn með diplómu á meistarastigi í heimskautarétti og einn með MA próf í heimskautarétti.

Á haustmisseri 2013 var 721 nemandi skráður til náms á hug- og félagsvísindasviði. Í félagsvísindadeild voru skráðir 369 nemendur, þar af 46 í félagsvísindum, 47 í fjölmiðlafræði, 41 í nútímafræði, einn í samfélags- og hagþróunarfræði, 228 í sálfræði, tveir í þjóðfélagsfræði og fjórir í rannsóknartengdu meistaranámi í félagsvísindum. Í kennaradeild voru 255 nem-



## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

áður voru tvær, verið fækkað og er nú ein náms- og matsnefnd fyrir alla deildina. Markmiðið með því að hafa eina náms- og matsnefnd fyrir deildina er ekki síst að viðhalda samræmi og yfirsýn um námsframboð í deildinni.

Eins og áður er í félagsvísindadeild boðið upp á þriggja ára BA nám í fjölmiðlafræði, nútímafræði, sálfræði og í félagsvísindum. Námið felur í sér fjölbjódlegar tengingar og almennt er lögð áhersla á verkefnavinnu í námi nemenda. Eins og áður var í boði rannsóknartengt meistaranám þar sem nemendur gátu tekið MA gráðu sem tengdist sérsviði tiltekins kennara deildarinnar samkvæmt sérstöku skipulagi.

Þetta er þriðja árið sem boðið var upp á BA gráðu í félagsvísindum, (sjá nánar aftar) en sú námslína er í raun arftaki námsframboðs í þjóðfélagsfræði annars vegar og samfélags- og hagþróunarfræði hins vegar.

Bæði fjarnámið og hið nýja námsframboð í félagsvísindum hafa fengið góðar viðtökur og leitt af sér umtalsvert samstarf við aðra ríkisháskóla og svarað vaxandi kröfum um meiri fjölbreytileika í námsframboði.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um félagsvísindaleg og hugvísindaleg efni eru fastur þáttur í starfi félagsvísindadeildar. Félagsvísindadeild og einstakir kennarar tóku virkan þátt í slíkum viðburðum á árinu, sem fyrirlesarar á viðburðum við Háskólann á Akureyri og annars staðar.

Rannsóknarvirkni kennara á félagsvísindasviði hefur vaxið undanfarin ár, þrátt fyrir fjölgun nemenda. Rannsóknarsvið kennara í félagsvísindadeild spanna allar kennslugreinar deildarinnar. Það hefur í vaxandi mæli falið í sér samstarf við erlenda fræðimenn og rannsóknarstofnanir.

### Fjölmiðlafræði

Fjölmiðlafræði skoðar gangvirki fjölmiðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á Íslandi sem býður nám í fjölmiðlafræði til BA prófs. Fjölmiðlafræðinámið tekur mið af þeirri þróun sem hefur orðið á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum þar sem reynt er að samþætta faglega þekkingu sem kennd hefur verið í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd hefur verið í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er talin eftirsóknarverð í námi af þessu tagi

og til þess ætluð að gera nemendur hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingunni og síhækkandi almennu menntunarstigi. Nemendur taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmiðlaefnis í prent- og ljósvakamiðlum og áberandi er hve margir útskriftarnemar hafa fengið störf á fjölmiðlum eða í fjölmiðlatengdum störfum.

### Nútímafræði

Nútímafræði er þverfagleg grein á sviði hugvísinda og er Háskólinn á Akureyri eini íslenski háskólinn sem býður nám í þessari grein. Námið er þverfaglegt vegna þess að fjallað er um nútímann, þ.e. lífshætti og viðhorf síðustu tveggja alda, frá mörgum hliðum, svo sem frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og ýmissa greina félagsvísinda. Nútímafræði er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér viðtækrar menntunar í hugvísindum og er þannig góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

### Sálfræði

Sálfræði leitast við að skilja og útskýra mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinámið við Háskólann á Akureyri er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á sálfræði sem fræðigrein. Í náminu er meðal annars lögð áhersla á að veita almenna þekkingu á mismunandi sviðum fræðigreinarinnar, bæði hvað varðar kenningar og rannsóknar-aðferðir. BA próf í sálfræði veitir því ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sálfræðinnar heldur fá nemendur gott tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið hennar. Það auðveldar þeim val á áhugasviði sem þeir geta síðan lagt stund á í framhaldsnámi.

### Félagsvísindi

BA nám í félagsvísindum byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Námið byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði og veitir nemendum grunn í kenningum og aðferðafræði þeirra fræðigreina. Jafnframt eiga nemendur kost á sérhæfingu í *byggðafræði*, *ferðamálafræði*, *kynjafræði*, *samfélags- og hagþróunarfræði* og *æskulýðsfræði*. Nemendur öðlast innsýn í eðli mannlægs samfélags og hreyfilögmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Námið er sambærilegt við BA nám í einstökum undirgreinum félagsvísindanna við aðra innlenda og erlenda háskóla. Að námi loknu



hafa nemendur traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

BA nám í félagsvísindum er hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- a) Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali.
- b) Byggðafraeði með áherslu á byggðaþróun á Íslandi, fólksflutninga innan lands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, stjórnsmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum.
- c) Ferðamálafræði með áherslu á samfélagsrýni og skilning á samtímameningu í samhengi við markaðssetningu og stjórnun í ferðaþjónustu í dreifðum byggðum Íslands og sambærilegum jaðarsvæðum við Norður-Atlantshaf.
- d) Kynjafræði með áherslu á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglinga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu.
- e) Norðurlóðafræði með áherslu á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurlóðum í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlinda-nýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannaud og sjálfbærni.
- f) Æskulýðsfræði með áherslu á unglingsmenningu, áhættu-hegðun, kynheilbrigði, íþróttar- og tómstundastarf, framtíðar-áform og tengsl milli kynslóða í samhengi við sérstöðu Íslands og almenna þjóðfélagsþróun á Vesturlöndum.

## KENNARAEILD

Aðsókn að grunnnámi í kennaradeild var slök á árinu 2013 og má líklega rekja það til lengingar námsins í fimm ár og almennrar neikvæðrar umfjöllunar í samfélaginu um starfskjör kennara. Ljóst er að þessi dræma aðsókn mun leiða til vissra erfiðleika hvað námsframboð varðar næstu tvö ár.

Skipulagsbreytingar sem gerðar voru á deildinni árið áður, og sagt er frá í síðustu ársskýrslu, gáfust vel og verður tæplega hróflað við þeim í bráð.

Stærsta viðfangsefni deildarinnar á árinu 2013 var gerð sjálfsmats. Matsteymi var skipað í byrjun janúar og matsvinnan fór fram á vormisseri með virkri þátttöku starfsmanna og nemenda, lokaskýrslu var skilað um miðjan júlí. Skýrslan er

gagnrýnin en jákvæð og hefur fengið góðar viðtökur allra sem um hafa fjallað.

Í ársbyrjun tók til starfa verkefnisstjóri vettvangsnáms og æfingakennslu. Við það hvarf umsjón þessara námsþátta frá akademískum starfsmönnum og kom brátt í ljós að þetta var vel ráðið. Á seinni hluta ársins kom einnig til starfa verkefnisstjóri til tímabundinna verka á vegum samstarfs opinberu háskólanna. Meginviðfangsefni hans er að vinna að auknu samstarfi hug- og félagsvísindasviðs HA og menntavísindasviðs HÍ, einkum á sviði kennaramenntunar.

Tuttugu ára afmæli kennaradeildar var haldið hátíðlegt með opinni dagskrá þann 20. september og í sama mánuði var settur á lagginnar starfshópur sem falið var að kanna möguleika á íþróttafraeðinámi á hennar vegum.

Starfsmenn kennaradeildar eiga í samstarfi um rannsóknir og ýmsa aðra þætti sem starfseminna varða við fjölmarga aðila bæði hér á landi og erlendis. Á árinu 2013 birtust rannsóknir þeirra í íslenskum og alþjóðlegum ritrýndum vísindatímaritum, bókum og bókarköflum og þeir héldu marga fyrirlestra og erindi á ráðstefnum, námsstefnum og námskeiðum innanlands sem utan. Viðfangsefniin spanna vítt svið menntunar- og kennarafræða og tengjast skólastarfi á margbreytilegan hátt. Þeirra á meðal má nefna skólaþróun, heimspeki menntunar, sérkennslufræði, lestrarfræði, skólastjórnun, sagnfræði, íslensk fræði, uppeldis- og kennslufræði, jafnrétti, sálfræði og upplýsingatækni í skólastarfi.

## Kennarabraut

Í júní 2013 brautskráðist annar hópur nemenda í samfelldu fimm ára kennaranámi með BEÐ gráðu. Að hausti hóf sami hópur seinni hluta námsins til meistaraþráðu. Meistaránámið er skipulagt sem sambland af staðbundnum lotum og fjarkennslu með myndfundum.

Kennaranemar eru bæði í staðarnámi og fjarnámi auk þess sem þeir koma í staðarlotur til Akureyrar. Nokkrir nemendur á kennarabraut taka hluta af námi sínu við aðra háskóla, innanlands og utan.

Kennaranemar eru bæði í staðarnámi og fjarnámi og á árinu 2012 var kennt til samtals nitján fjarkennslustaða auk þess sem nemar komu í staðarlotur til Akureyrar. Nemendur á

## HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

kennarabrátt taka í auknum mæli hluta af námi sínu við aðra háskóla, innanlands og utan.

### Menntavísindabraut

Á menntavísindabraut fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja mennta sig til starfa í menntakerfinu er krefjast framhaldsmenntunar og auka þekkingu sína á núverandi starfi, ásamt því að bæta við hæfni sína til að stunda frekara nám eða leggja stund á rannsóknir. Á árinu 2013 voru í boði eftirtalin áherslusvið: *almennt svið, lestrarfræði, námskrá- og starfsþróun, opinber stefnumótun, menntastefna og þróun skóla, sérkennslufræði og stjórnun og forysta.*

Kennsla á menntavísindabraut fer fram í staðbundum lotum þar sem nemendur koma og eru í skólanum nokkra daga í senn, þrisvar til fjórum sinnum á misseri.

### LAGAÐEILD

Í lagadeild er boðið upp á þriggja ára BA nám í lögfræði, tveggja ára ML nám í lögfræði og alþjóðlegt meistaranám í heimskautarétti sem leiðir til LLM gráðu, MA gráðu eða diplómu. Nám í heimskautarétti fer alfarið fram á ensku en auk þess er BA námið alþjóðlegt að hluta og kennt bæði á íslensku og ensku.

### Lögfræði til BA prófs

Meginmarkmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur læra að fjalla með gagnrýnum hætti um lög, lögfræði og tengd efni. Nám í lögfræði til BA prófs er um margt með öðru sniði en tíðkast við aðra íslenska háskóla. Um er að ræða fjölbreytt fræðilegt nám þar sem lög og réttur eru skoðuð í sögulegu, félagslegu og heimspekilegu samhengi. BA námið nýtist vel sem fræðileg undirstaða fyrir þá sem hyggja á nám til embættisprófs í lögfræði. Námið er einnig áhugaverður kostur í hug- og félagsvísindanámi fyrir þá sem ekki stefna að hefðbundnum lögfræðistörfum en hyggja á önnur störf eða nám þar sem grunnur í lögfræði nýtist, til dæmis alþjóðasamskipti, alþjóðastjórnsmál og skyldar greinar.

### Lögfræði til ML prófs

Nám í lögfræði til ML prófs er tveggja ára nám á meistarastigi. Sú prófgráða, í framhaldi af þriggja ára BA prófi í lögfræði, jafngildir hefðbundnu fimm ára embættisprófi í lögfræði (cand. jur.). Áherslan í náminu er á hagnýta íslenska lögfræði, jafnt á sviði opinbers réttar, einkamálaréttar, refsiréttar og réttarfars. Þannig verða nemendur vel í stakk búnir til að takast á við hefðbundin störf lögfræðinga sem lögmenn, lögfræðingar hjá opinberum stofnunum eða einkafyrirtækjum, eða sem dóm-arar.

### Nám í heimskautarétti

Nám í heimskautarétti til LLM gráðu er eins og hálfis árs nám á meistarastigi fyrir nemendur sem þegar hafa lokið minnst þriggja ára laganámi. Nám í heimskautarétti til MA gráðu er tveggja ára nám á meistarastigi fyrir nemendur með margs konar próf á grunnstigi háskólanáms. Nemendur sem ljúka LLM gráðu ljúka 30 ECTS eininga lögfræðilegri ritgerð en MA nemendur skila 60 ECTS ritgerð sem gefur þeim tækifæri til að takast á við veigamikil þverfagleg rannsóknarverkefni með megináherslu á fræðasvið heimskautaréttarins. Í náminu er lögð áhersla á þau svið alþjóðalaga og landsréttar sem tengjast heimskautasvæðunum. Tekið er á viðfangsefnum umhverfislaga og fjölbreytni lífríkisins, mannréttinda, hafréttar og laga um sjálfbæra þróun og auðlindir. Í því sambandi er fjallað um álitamál er varða fullveldi og deilur um markalínur á landi og sjó, réttindi frumbyggja í norðri, sjálfstjórn og stjórnfestu svo og landa- og auðlindakröfur á heimskautasvæðunum. Nám í heimskautarétti undirbýr nemendur fyrir störf hjá hinu opinbera sem og einkafyrirtækjum, hjá alþjóðasamtökum, frjálsum félagasamtökum, hjá frumbyggjaþjóðum á norðurskautssvæðinu og í háskólum og rannsóknarstofnunum um allan heim. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir doktorsnám eða frekari rannsóknir á málefnum heimskautanna.

Ráðstefnur og opnir fyrirlestrar um lögfræðileg efni eru fastur þáttur í starfi lagadeildar. Af ráðstefnuhaldi á árinu 2013 ber hæst að í október var í sjötta sinn haldin árleg alþjóðleg ráðstefna um heimskautarétt *The Sixth Akureyri Polar Law Symposium*. Ráðstefnan var haldin á Akureyri og í Reykjavík



---

undir merkjum Arctic Circle. Greinar byggðar á erindum sem flutt voru á ráðstefnunni birtast í árbók heimskautaréttarins *The Yearbook of Polar Law*, ásamt öðrum fræðilegum greinum. Árbókin kemur út á vegum lagadeildar HA hjá Brill Academic Publishers í Hollandi. Greinar sem birtar eru í bókinni eru ritrýndar.

Af öðrum viðburðum má nefna að í maí fór fram í Háskólanum á Akureyri pallborðsumræða um framtíð íslensku stjórnarskrárinnar. Þar tóku þátt fulltrúar frá stjórn málaflökkum. Heiðursgestur var dr. George Katrougalos frá Democritus University í Aþenu. Á fullveldishátíð HA 1. desember kynnti nefndarmaður í stjórnarskrárnefnd Alþingis hugmyndir og fyrirætlanir nefndarinnar.

Fjöldmargir fræðimenn og starfandi lögfræðingar héldu erindi á lögfræðitorgi en slíkir fyrirlestrar eru öllum opnir.

Kennarar deildarinnar birtu fjölmargar greinar í bókum og ritrýndum tímaritum bæði íslenskum og erlendum.



# MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR



Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan hug- og félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Markmið hennar er að stuðla að umbótum í almennu skólastarfi leik-, grunn- og framhaldsskóla og að vera farvegur þekkingar og þróunar út í hið daglega skólastarf.

Meginviðfangsefni miðstöðvarinnar lúta að ráðgjöf og fræðslu við hvers kyns nýjungar á sviði skóla- og kennslumála til starfandi kennara og skólastjóra auk þess að efla gott starf sem þegar er fyrir hendi. Innan miðstöðvarinnar hefur byggst upp margvísleg þekking, til dæmis um námskráfræði, stjórnun og forystu, samskipti heimilis og skóla, læsi, lestrar- og ritunarkennslu, stærðfræðikennslu yngri barna, einstaklingsmiðaða kennsluhætti, teymiskennslu og fjölbreytta starfshætti í skólum, námsmat, fagmennsku kennara, starfendarannsóknir og sjálfsmat, bekkjarstjórnun og um einelti.

Í starfi miðstöðvar skólaþróunar er lögð áhersla á fræðslu, samræðu, samvinnu og igrundun.

Unnið er eftir framkvæmda- og þróunaráætlunum þar sem gert er ráð fyrir eftirfylgd verkefna og mati á starfinu. Verkefni eru yfirleitt til lengri tíma, eins eða tveggja vetra. Þau miðast við starfsmannahópa með það að markmiði að efla starfsemi skólanna í heild sinni og stuðla að viðvarandi breytingum og þróun. Höfðað er til skuldbindinga þátttakenda um eigin starfsþróun til að bæta skólastarf og auka nám nemenda.

Miðstöð skólaþróunar hefur með höndum sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla á Akureyri skv. samningi þar um milli Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri. Að auki vinnur miðstöð skólaþróunar að umbótastarfi með skólafólki víða um land.

Í apríl ár hvert stendur miðstöð skólaþróunar fyrir ráðstefnu um skólamál og koma fyrirlesarar sem gert hafa sig gildandi á fræðasviðinu víða að. Annað hvert ár heldur miðstöðin einnig haustráðstefnu auk þess sem hún hefur, í samstarfi við bókasafn HA og Amtsbókasafnið á Akureyri, staðið fyrir ýmskonar viðburðum í tengslum við Dag læsis 8. september.

Helstu verkefni sem miðstöð skólaþróunar vann að árið 2013 voru:

- **Starfsþróun um læsismenntun:**  
Byrjendalæsi  
Orð af orði  
Læsi til náms – lesskilningsaðferðir og kennsla ritunar  
Fágæti og furðuverk
- **Innleiðing nýrrar aðalnámskrár**
- **Byrjendastærðfræði**
- **Foreldrasamstarf og eineltismál**
- **Ráðgjöf og utanumhald um innra mat (sjálfsmat) í skólum**
- **Stefnumótun, starfshættir og samvinna skólastiga**
- **Námskeið og fræðslufundir fyrir skólastjórnendur og kennara**
- **Seta í stýrihópum og þjónusta við skóladeild/skólanefnd á sviði skólamála**
- **Starfsþróunarvinna sem tekur mið af gildandi menntastefnu:**  
mótun og innleiðing lærdómssamfélags  
fagmennska kennara/teymisvinna  
félagastuðningur/igrundun/samræða

Vorráðstefna miðstöðvar skólaþróunar 2013 var haldin þann 13. apríl og nefndist *Skóli og nærsamfélag: Að verða þorpið sem elur upp barnið*. Einnig hélt miðstöð skólaþróunar utan um og skipulagði málstofur í tengslum við málþingið *Hæfni miðað námsmat: Lærum hvert af öðru*. Málþingið var á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands og var haldið 30. ágúst í Háskólanum á Akureyri og í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

Starfsmenn miðstöðvar skólaþróunar hafa annast kennslu í kennaradeild HA bæði sem umsjónarkennarar einstakra námskeiða og sem stundakennarar. Þeir hafa einnig sinnt leiðsögn með BEd og meistaraprófsritgerðum. Jafnframt komu kennarar af hug- og félagsvísindasviði, einkum úr kennaradeild, til starfs um einstök verkefni á vegum miðstöðvarinnar. Fjöldi starfsmanna árið 2013 var níu í 7,17 stöðugildum.

[www.msha.is](http://www.msha.is)





## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í tvær deildir, viðskipta-deild og auðlinda-deild.

Innan auðlinda-deildar var í boði BS nám í líftækni og sjávarútvegsfræði. Innan viðskiptadeildar voru tvær námslínur í boði til BS gráðu. Rannsóknartengt meistaranám var í boði hjá báðum deildum.

Vorið 2013 voru 87 nemendur brautskráðir frá viðskipta- og raunvísindasviði. Þar af voru átta nemendur með BS gráðu í líftækni, sjö í sjávarútvegsfræði og níu í umhverfis- og

sem aðsetur hafa á Borgum. Meðal kennara sviðsins eru átta prófessorar. Auk þess störfuðu að jafnaði nokkrir sérfræðingar og aðstoðarmenn að ýmsum rannsóknarverkefnum og stundakennslu.

### AUÐLINDAEILD

Í boði voru tvær námsleiðir til BS prófs, líftækni og sjávarútvegsfræði. Boðið var upp á staðarnám og fjarnám. BS námið er skipulagt til þriggja ára, samtals 180 ECTS einingar. Ennfremur var boðið rannsóknartengt nám til meistara-gráðu í auðlindafræði á sviði líftækni og sjávarútvegsfræða sem og meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Háskólinn á Akureyri hefur frá upphafi markað sér þá sérstöðu meðal íslenskra háskóla að leggja áherslu á námsbrautir tengdar nýtingu náttúruauðlinda á þverfaglegu sviði auðlindafræða. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnmun. Slík menntun er forsenda góðrar auðlinda-stjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar.

Náið samstarf var við fjölda fyrirtækja og rannsóknarstofnana héraðs og erlendis. Má þar nefna þær stofnanir sem eru í návígi við deildina á Borgum og deila með henni aðstöðu og starfsmönnum, svo sem Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyrarsetur og Matis ohf. Virkt samstarf var ennfremur við aðra háskóla, svo sem Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólann á Hólum. Einnig var samstarf við fjölda fyrirtækja og má þar m.a. nefna Mannvit, Landsvirkjun, Norðurorku, Samherja hf, Brim hf og Biopol ehf.

Kennarar og sérfræðingar auðlinda-deildar eru mjög virkir í rannsóknum sem spanna vítt svið raun- og náttúruvísinda. Rannsóknir tengdar sjávarútvegi eru hafrannsóknir, líffræði, efna- og örverufræði fiska, gæði og öryggi sjávarfangs, veiðarfærarannsóknir, vinnslutækni og hagrænar rannsóknir. Líftækni-rannsóknir tengjast lífefnaleit, orkulíftækni, fiskeldi, kerfislíffræði, sameindaerfðafræði og gerðar eru rannsóknir á íblöndunarefnum.

### Líftækni

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla upp á sérhæft nám í líftækni, þar sem blandað er saman ýmsum nám-

*„Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað.“*

orkufræði. Úr viðskiptafræði brautskráðist 41 með BS gráðu. Tveir luku meistara-prófi í auðlindafræðum og tveir luku meistara-prófi í viðskiptafræði. Áttán luku meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði.

Við upphaf skólaárs haustið 2013 voru 515 nemendur skráðir til náms við viðskipta- og raunvísindasvið. Fimm tíu og tveir nemendur stunduðu BS nám í líftækni, 73 nemendur voru í sjávarútvegsfræði og 345 voru í viðskiptafræði. Þrjú nemendur stunduðu diplómanám í náttúru- og auðlindafræði. Auk þess stunduðu fjórir nemendur meistaranám í viðskiptafræði, þrjú stunduðu meistaranám í auðlindafræðum og 35 nemendur stunduðu meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða.

Á fræðasviðinu störfuðu á árinu 30 kennarar, þar með taldir þeir kennarar sem sviðið deilir með rannsóknarstofnunum



## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

skeiðum á sviði náttúruvísinda og auðlindalíftækni ásamt viðskiptagreinum. Meðal áherslna eru umhverfis- og orkulíftækni, til dæmis niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkurikra efna, líftæknilegir þættir fiskeldis hvað varðar heilbrigði og fóður, lífvirk efni, efni með lyfjavirkni, fæðubótarefni, aukaefni í matvælum og efni sem bæta ónæmiskerfið, og grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru. Lögð er rík áhersla á að kynna nemendum líftæknilegar aðferðir við að nýta auðlindir með nýjum hætti og koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Af sérnámskeiðum má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, sjávarlíftækni, líftæknilega örverufræði, matvælafræði, gena- og gagnasöfn og gæðaframléiðsluferli. Auk fastra kennara auðlindadeildar koma sérfræðingar ýmissa fyrirtækja og stofnana að kennslunni.

Eitt rannsóknarverkefna á sviði líftækni beinist að notkun hitakærra örvera við framleiðslu á etanóli og vetni úr lífmassa. Þær rannsóknir eru unnar í viðtæku samstarfi innanlands og utan og hefur fjöldi styrkja fengist til rannsóknarverkefna og uppbyggingar tækja og aðstöðu, meðal annars úr Tækniþróunarsjóði. Alls unnu þrjár sérfræðingar og tveir meistaranemar á sviði orkulíftækni á árinu. Þrjár ritrýndar greinar voru birtar á sviði orkulíftækni um hitakærar etanól- og vetnisframleiðandi bakteríur.

Unnið var að uppbyggingu bakteríustofnasafns úr ýmsum vistgerðum íslenskrar náttúru. Safnað var stofnum úr ýmsum jarðvegsgerðum á Norðurlandi og víðar. Söfnunin var meðal annars unnin í tengslum við sameiginlegt samnámskeið HA, HÍ og University of Reading í *Örveruvistfræði norðurlóða*. Einnig var stofnasafnið skimað eftir hagnýtanlegum eiginleikum, svo sem til kuldavirks niðurbrots á ýmsum lífrænum fjölliðum, og umhverfissýni skimuð eftir bakteríuveirum með virkni gegn völdum stofnum. Á rannsóknarstofu í hagnýtri örverufræði við HA var unnið að rannsóknum á framleiðslu á fjölómettuðum Omega-3 fitusýrum og lífvirkum efnum með frumverum, í samvinnu við sjávarlíftækniatrið BioPol ehf á Skagaströnd og Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyrarsetur.

Meginmarkmiðið var að einangra, greina og rækta nýja stofna af frumverum af ættinni *Thraustochytrids* til framleiðslu á Omega-3 sjávarolíum og lífvirkum efnum í tilraunarækt. Frumverurnar hafa ekki verið ræktaðar hér á landi fram til þessa. Verðmætustu fitusýrurnar eru hinar fjölómettuðu og lífs-

nauðsynlegu fitusýrur DHA (docosahexaenoic acid, C22:6-n3) og EPA (eicosahexaenoic acid, 20:5n-3).

Starf sameiginlegrar rannsóknarstofu HA og Náttúrufræðistofnunar í sameindaerfðafræði eflidist. Meistararnemar og einn doktorsnemi störfuðu að verkefnum á vegum stofunnar og innlendra og erlendra samstarfsaðila hennar. Lokaverkefnum nemenda í grunnnámi og verklegri kennslu í erfða- og sameindaerfðafræði er sinnt þar. Jafnframt var unnið að verkefnum í samstarfi við Matís ohf og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Rannsóknasjóður Rannís, Háskólasjóður KEA og Rannsóknasjóður HA eru meðal styrktaraðila rannsóknarstarfs á stofunni.

### Sjávarútvegsfræði

Háskólinn á Akureyri býður einn íslenskra háskóla 180 ECTS eininga nám í sjávarútvegsfræði til BS gráðu, einnig er boðið upp á MS gráðu í sjávarútvegsfræði. Að námi loknu bera brautskráðir starfsheitið sjávarútvegsfræðingur. Markmið námsins er að veita nemendum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa. Kennend eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Sérnámskeið sjávarútvegsfræða eru um vistkerfi sjávar og veiðar og vinnslu sjávarafurða. Mikil áhersla er lögð á samvinnu við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stöðgreinar hans, til dæmis í tengslum við lokaverkefni nemenda. Náð samstarf er við Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA.

Viðskipta- og raunvísindasvið hefur verið þátttakandi í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna um árabíl. Starfsmenn sviðsins hafa kennt á námskeiðum skólans og verið leiðbeinendur nemenda. Þessu námi við HA hefur verið skipt í tvo þætti, annars vegar grunnþjálfun nemenda háskólans í viðskiptafræði og markaðsfræði og hins vegar sérhæft nám um rekstur og markaðssetningu sjávarútvegsfyrirtækja, *A specialist course on Management of Fisheries Companies and Marketing*, sem miðar að því að þjálfa fólk í að stjórna sjávarútvegsfyrirtækjum af ólíkum toga. Helstu markmið með sérhæfða náminu eru að veita yfirlit yfir kenningar í rekstri og fjármálum fyrirtækja, að veita viðtæka þekkingu á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja allt frá fiskeldi til markaðssetningar sjávarafurða og að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun til að finna



lausn á vandamálum í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Kennarar sviðsins hafa einnig verið ráðgefandi, skipulagt og haldið námskeið í tengslum við þetta starf í ýmsum þróunarlöndum.

### Meistaránám í auðlindafræði

MS í auðlindafræðum er alþjóðlegt rannsóknarnám á sviðum umhverfisfræði, orkufræði, líftækni og sjávarútvegsfræði. Þessi fræði endurspeglar faglega sérstöðu auðlindadeildar í kennslu og rannsóknum. Námið er 120 ECTS einingar, skipulagt til tveggja ára, og er einstaklingsmiðað. Megináhersla er lögð á meistaraverkefnið sem vegur 60–90 einingar og að nemiendur tileinki sér vísindaleg vinnubrögð. Námskeiðshluta meistaránámsins tekur nemandinn að hluta við HA, við aðra innlenda háskóla ef kostur er og við erlenda rannsóknarháskóla samkvæmt ákvörðun meistaránámsnefndar hverju sinni. Námið er í samstarfi og sterkum tengslum við erlenda rannsóknarháskóla og -stofnanir.

### Haf- og strandsvæðastjórnun

MS nám í haf- og strandsvæðastjórnun er alþjóðleg og þverfagleg námsleið sem boðin er í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða. Allt námið er kennt á Ísafirði en Háskólinn á Akureyri ber faglega ábyrgð á gæðum kennslu, námsefnis og námsmats. Mikil tengsl eru við auðlindaeild og prófgráða við námslok er frá HA.

### VIÐSKIPTAEILD

Starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Í viðskiptadeild hófu 100 nemendur grunnnám að hausti og þrjú nemendur hófu meistaránám. Um 70% nemenda í grunnnámi eru fjarðemar.

### Grunnnám í viðskiptafræði

Boðið var upp á þriggja ára 180 ECTS eininga BS nám í viðskiptafræðum, bæði í staðarnámi og fjarnámi. Staðarnámið fer fram með hefðbundnum hætti í fyrirlestrum, umræðutímum og dæmatímum. Fjarnámið fer hins vegar fram með upptökum úr kennslustundum í staðarnámi sem dreift er til nemenda um lokaðan kennsluvef. Fjarðemar mæta þar að auki í upphafi og við lok hvers misseris í kennslustund gegnum myndfundabúnað ásamt því að um mitt misseri mæta þeir í staðarloftu. Kennsluumhverfið Moodle er notað við deildina og nýttist það bæði staðar- og fjarnemum í náminu.



## VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri er hagnýtt nám þar sem einstaklingar eru menntaðir til ábyrgðarstarfa við rekstur fyrirtækja, stofnana eða félagasamtaka. Nemendur öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfaðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru nemendur æfdir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast munu í framhaldsnámi og starfi. Allir nemendur öðlast góða grunnþekkingu á viðskiptafræði og geta svo valið að leggja sérstaka áherslu á *stjórnun og markaðsfræði* eða *stjórnun og fjármál*.

### Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa auk þess að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir framhaldsnám í viðskiptafræðum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Ennfremur um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Í náminu er farið yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaherferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

### Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum auk þess að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir framhaldsnám í viðskiptafræðum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig ítarlega um fjármálastjórnun, áhættustýringu og verðbréfa-lögfræði.

### Meistaránám í viðskiptafræði

Rannsóknartengt meistaránám í viðskiptafræðum er 120 ECTS eininga nám sem er á margan hátt ólíkt því námi sem er á BS stigi. Til að mynda liggur ekki fyrir ákveðin námskrá meistaránáms, heldur er námið einstaklingsmiðað. Þannig fylgir hver nemandi eigin námskrá sem er sérsniðin að þörfum hans og þess rannsóknarverkefnis sem hann vinnur að á námstímanum. Meðal fyrstu verkefna meistaránemans er að velja námskeið úr kennsluskrá HA eða samstarfsstofnana í náinni

samvinnu við aðalleiðbeinanda sinn. Meistaránámsnefnd viðskipta- og raunvísindasviðs tryggir að hin einstaklingsmiðaða námskrá standist ítrustu gæðakröfur.

Námið skiptist í ýmist 60 eða 90 ECTS eininga rannsóknarverkefni og 30 til 60 ECTS eininga námskeið. Að lágmarki skal nemandi ljúka námskeiðum sem samsvara 30 ECTS einingum og þar af hið minnsta 10 ECTS einingum í rannsóknaraðferðum. Önnur námskeið skal nemandi taka við HA eða samstarfsstofnanir. Einnig er mögulegt að nemandi taki lesnámskeið í samráði við aðalleiðbeinanda sinn og meistaranefnd.

### Rannsóknir

Kennarar í viðskiptadeild hafa á undanförunum árum verið afkastamiklir við rannsóknir og ritstörf á sviðum fjármála og fjármálamarkaða. Nefna má ferðapjónustu, samruna fyrirtækja, útivistun verkefna í þjónustufyrirtækjum, alþjóðastofnanir, fjarkennslu, norrænan vinnumarkað, sveitarstjórnarmál, markaðsmál, stjórnun og skipulagningu fyrirtækja og rekstur sjávarútvegsfyrirtækja. Rannsóknir þeirra hafa birst í sérstöku bókum, íslenskum og erlendum fræðitímaritum og safnitum. Náin tengsl eru við rannsóknir Rannsóknamiðstöðvar ferðamála – RMF og Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA, meðal annars um byggðarannsóknir.

Kennarar deildarinnar eiga í margvíslegum samskiptum og samstarfi við erlendar stofnanir og vísindamenn. Nemendur hafa stundað nám erlendis að hluta á vegum *Erasmus og Nordplus*.



## MARKAÐS- OG KYNNINGARSVIÐ

Markaðs- og kynningarstarf var með hefðbundnum hætti árið 2013. Forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs vann kynningarefni fyrir háskólann, í samstarfi við deildir hans, en það er auglýsingastofan Stíll á Akureyri sem sér um hönnun prentaðs efnis, og Ásprént prentar.

Háskólar landsins héldu áfram samstarfi um að skipuleggja Háskóladaginn, sem er orðinn að árlegum viðburði í febrúar. Kynning fimm skóla á námsframboði og þjónustu við námsmenn fór fram í Háskólabíói, þar voru Háskólinn á Akureyri, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, Listaháskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst.

Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands höfðu kynningar í eigin húsnæði.

Háskóladagurinn var síðan einnig haldinn sameiginlega á Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi.

Að venju var lögð áhersla á vandaðar auglýsingar í fjölmiðlum fyrir innritun skólaárið 2013–2014.

Markaðs- og kynningarsvið er í samstarfi við Birtingahúsið ehf. um gerð auglýsingaáætlunar. Eru auglýsingar háskólans að stærstum hluta unnar hjá Íslensku auglýsingastofunni.

Eins og önnur ár var farið í heimsóknir í framhaldsskóla og háskólinn kynntur fyrir stúdentsefnum. Flestir framhaldsskólar landsins voru heimsóttir og oft voru nemendur HA með í för. Að auki var sendur markpóstur til stúdentsefna, til að vekja athygli á háskólanum.

Markaðs- og kynningarsvið skipulagði heimsóknir stúdentsefna frá framhaldsskólum og sá um móttöku þeirra í skólanum.

Auk þess má nefna að markaðs- og kynningarsvið sá um skipulagningu fjölmargra viðburða innan háskólans, svo sem fullveldishátíðar 1. desember, HA-dags þar sem háskólinn er kynntur fyrir framhaldsskólanemum á Norðurlandi, og móttöku eftir brautskráningu í júní.

Verkefnastjóri alþjóðamála hefur umsjón með nemenda-, kennara- og starfsmannaskiptum, ásamt öðrum verkefnum sem tengjast alþjóðlegu samstarfi. Á árinu 2013 voru alls 58 erlendir skiptinemar skráðir í HA frá eftirtöldum löndum: Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Ítalíu, Kanada, Kína, Lettlandi, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Svíþjóð, Tékklandi og Þýskalandi.

Alls stunduðu 37 nemendur frá HA skiptinám erlendis í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Belgíu, Búlgaríu, Danmörku,

Finnlandi, Færeyjum, Ítalíu, Japan, Kanada, Litháen, Noregi, Póllandi, Spáni, Sviss, Svíþjóð og Þýskalandi. Átta kennarar og starfsmenn stoðþjónustu HA fóru erlendis í kennara- eða starfsmannaskiptum í gegnum Erasmus eða Nordplus og HA tók á móti tuttugu erlendum kennurum og öðrum starfsmönnum í skiptum. Einnig fór níu nemendur ásamt Markus Meckl kennara til Lettlands í stutta ferð, sem var hluti af námskeiði við HA.

Alþjóðaskrifstofa HA sá um móttöku og skipulagði kynningar á háskólanum fyrir fjölmargt starfsfólk frá erlendum samstarfsskólum, frá erlendum sendiráðum sem og ýmsum öðrum erlendum gestum. Nemenda- og kennaraskiptasamningar, auk samstarfsneta við erlenda háskóla, eru um 200 talsins. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skiptiáætlanir: Erasmus, Nordplus, North2North, og tvíhliða samninga. Unnið er að því auka fjölda skiptinema frá HA og hefur Alþjóðadagur HA verið liður í því. Alþjóðadagur HA var haldinn 31. október 2013 í umsjón alþjóðafulltrúa í samstarfi við Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri og kennara innan háskólans.



### Að koma nýjum vef HA á laggimar:

Frá vinstri: Ingvaldur Tryggvadóttir skjalastjóri, Dagmar Ýr Stefánsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, og Rúnar Gunnarsson, verkefnastjóri alþjóðamála. Nýji vefurinn fór í loftið þann 6. mars. Meðal helstu nýjunga má nefna að hann er gerður með spjaldtölvur og snjallsíma í huga. Þá er vefurinn hannaður með þarfr helstu notendahópa í fyrirúmi.





## FJÁRMÁLA-, STARFSMANNA- OG REKSTRARSVIÐ

---


Fjármála-, starfsmanna- og rekstrarsvið annast helstu sameiginleg verkefni á sviði fjármála. Má þar nefna umsjón með gerð rekstraráætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, miðlun fjárhagslegra upplýsinga, svo og eftirlit og ráðgjöf um fjárhagsleg málefni háskólans. Jafnframt annast sviðið rekstur og umsjón fasteigna og búnaðar háskólans, þar á meðal rekstur tölvakerfa og símakerfa.

Á árinu 2013 var starfsemin með hefðbundnu móti. Nýtt hús, (fimmti byggingaráfangi á Sólborg) var tekið í notkun í byrjun vetrar, en þar eru skrifstofur fyrir kennara og starfsfólk miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA.




## NEMENDUR OG DEILDIR

### Lögheimili nemenda á haustmisseri 2013



Lögheimili	Karlar	Konur	Samtals	Hlutfall
Norðvestur	29	112	141	8,99%
Norðaustur	177	546	723	46,11%
Suður	42	192	234	14,92%
Suðvestur	38	166	204	13,01%
Reykjavík	41	166	207	13,20%
Erlendis	16	43	59	3,76%
<b>Samtals</b>	<b>343</b>	<b>1.225</b>	<b>1.568</b>	<b>100,00%</b>

Deild	2009			2010			2011			2012			2013		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Félagsvísindadeild	55	126	181	47	128	175	62	201	263	81	248	329	77	274	351
Kennaradeild	68	328	396	69	348	417	43	246	289	39	215	254	40	210	250
Lagadeild	62	60	122	50	59	109	50	58	108	42	53	95	41	38	79
Hjúkrunarfræðideild	2	215	217	4	219	223	7	241	248	12	253	265	11	245	256
Iðjupjálfunardeild	3	78	81	4	89	93	5	104	109	4	105	109	3	105	108
Framh.deild í heilbr.vísindum	3	56	59	3	29	32	2	41	43	8	34	42	4	70	74
Auðlindadeild	61	52	113	83	79	162	73	51	124	72	51	123	61	73	134
Viðskiptadeild	138	192	330	124	166	290	128	185	313	109	201	310	106	210	316
<b>Samtals</b>	<b>392</b>	<b>1.107</b>	<b>1.499</b>	<b>384</b>	<b>1.117</b>	<b>1.501</b>	<b>370</b>	<b>1.127</b>	<b>1.497</b>	<b>367</b>	<b>1.160</b>	<b>1.527</b>	<b>343</b>	<b>1.225</b>	<b>1.568</b>









## NEMENDASKRÁ

Í upphafi árs 2013 voru gerðar þær skipulagsbreytingar, að kennsluvið háskólans var lagt af. Náms- og starfsráðgjöf var gerð að sjálfstæðri skipulagseiningu og staða verkefnastjóra alþjóðamála færðist til markaðs- og kynningarsviðs. Önnur starfsemi sem tilheyrði kennsluviði fellur síðan undir nýja einingu sem kallast nemendaskrá.

Meginmarkmið nemendaskrár er að tryggja gott skipulag á daglegu starfi háskólans ásamt því að veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu. Nemendaskrá annast meðal annars innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum og prentun og frágang brautskráningargagna.

Afgreiðslustjóri og fulltrúar nemendaskrár annast almenna þjónustu, upplýsingagjöf, símsvörun, útgáfu vottorða og innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans. Ennfremur utanumhald ferðabreiðna og flugbókana. Afgreiðslustjóri og fulltrúar hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun henni tengdri. Þá hafa fulltrúar með höndum bókanir og leigu á stofum og fundaherbergjum í húsnæði skólans.


Skipulag og umsjón prófhalds fer fram á nemendaskrá undir stjórn prófstjóra. Prófstjóri gefur út próftöflur og hefur yfirumsjón með prófhaldi og einkunnaskilum. Reglulegar próftíðir eru í desember og apríl/maí og sjúkra- og endurtökupróf eru að lokinni viðkomandi próftíð.

Nemendaskrá hefur umsjón með framkvæmd fjarkennslu á vegum háskólans og annast samskipti við símenntunar- og fræðslumiðstöðvar um allt land.

Forstöðumaður nemendaskrár hefur umsjón með innra upplýsingakerfi skólans, Uglu, sem og gagnamiðlun milli tölvukerfa háskólans, ásamt vefumsjón. Forstöðumaður sér ennfremur um uppsetningu og birtingu námskrár. Hann annast framkvæmd námskeiðsmats og annarra kannana og veitir ýmsar tölfraeðilegar upplýsingar úr gögnum nemendaskrár.

Á seinni hluta ársins var ráðið í nýja stöðu kennsluráðgjafa sem sér um að skipuleggja og veita kennslufræðilega þjónustu með áherslu á fjarkennslu og sveigjanlegt nám.

Starfsmenn nemendaskrár voru sex og gegndi Stefán Jóhannsson stöðu forstöðumanns.



## FJARNÁM

Háskólinn á Akureyri kappkostar að bjóða öllum nemendum sínum öfluga stoðþjónustu á sviði tölvu- og upplýsingatækni hvort sem þeir stunda nám á háskólasvæðinu eða í heimabyggð.

Í eftirfarandi skýrslu er greint frá fjarkennslu skólaárið 2013–2014. Allar deildir skólans nema lagadeild buðu upp á fjarnám í grunnnámi og stunduðu það 923 nemendur.

### Heilbrigðisvísindasvið – hjúkrunarfræðideild og iðju-þjálfunarfræðideild

Í hjúkrunarfræðideild fer fram fullt nám í dagskóla þar sem fjarnemendur stunda nám samhliða nemendum í staðarnámi. Námið byggir að mestu á gagnvirkum myndfundabúnaði en kennarar nýta einnig kennslukerfið Moodle og tölvusamskipti í síaukunum mæli.

Í iðjuþjálfunarfræðideild er stuðst við kennslukerfið Moodle. Upptökur af öllum kennslustundum eru gerðar aðgengilegar þar. Kennarar nota einnig tölvusamskipti, meðal annars í gegnum Skype.

Skólaárið 2013–2014 voru á heilbrigðisvísindasviði 224 fjarnemendur á haustmíssi og 177 á vormíssi. Þeir voru búsettir víða um land, á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, í Grundarfirði og Hafnarfirði, á Hólmanvík, Húsavík, Ísafirði og í Neskaupstað, á Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Stykkishólmi og Vestmannaeyjum.

### Hug- og félagsvísindasvið – kennaradeild og félagsvísindadeild

Kennaranám er kennt í fjarkennslu sem fullt nám samhliða staðarnámi. Kennsla fer að mestu fram um gagnvirkan myndfundabúnað. Einnig er notað Moodle kennslukerfið.

Í félagsvísindadeild hófst fjarnám haustið 2011. Sömu námskeið eru kennt í fjarnámi og í staðarnáminu og stuðst er við upptökur og Moodle.

Skólaárið 2013–2014 voru á hug- og félagsvísindasviði 300 fjarnemendur á haustmíssi og 258 á vormíssi. Þeir voru staðsettir á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi og Búðardal, á Egilsstöðum, í Grundarfirði og Hafnarfirði, á Hólmanvík, Húsavík, Höfn, Ísafirði, í Neskaupstað, á Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Snæfellsbæ, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum, á Vopnafirði og Þórshöfn.

Viðskipta- og raunvísindasvið – auðlindadeild og viðskiptadeild

Í auðlindadeild og viðskiptadeild er miðað við að fjarnemendur geti stundað vinnu meðfram náminu og dreifist það því á lengri tíma. Námið fer fram að mestu leyti á netinu gegnum Moodle og þar eru einnig aðgengilegar upptökur af öllum kennslustundum. Til stuðnings eru fundir í gagnvirkum myndfundabúnaði utan dagvinnutíma í mörgum námskeiðum í viðskiptadeild, í upphafi og við lok míssera. Einnig hafa nemendur tækifæri til að eiga samskipti við kennara og sín á milli í vefumræðum sem settar eru upp fyrir hvert námskeið.

Skólaárið 2013–2014 voru við viðskipta- og raunvísindasvið 335 fjarnemendur á haustmíssi og 281 á vormíssi. Þeir bjuggu á Akranesi og Akureyri, í Árborg, á Blönduósi, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, í Fjallabyggð, á Grundarfirði, í Hafnarfirði, á Húsavík, á Höfn og Ísafirði, í Neskaupstað, á Patreksfirði og Reyðarfirði, í Reykjanesbæ, á Sauðárkróki, í Vestmannaeyjum, á Vopnafirði og á Þórshöfn.

Í árdaga fjarkennslunnar var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við háskólann. Hröð þróun í upplýsingatækni býður þó upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu, við miðlun námsefnis, í samskiptum og við að mæta þörfum nemenda í fjarnámi. Háskólinn fylgist vel með þróun í upplýsinga-, samskipta- og kennslutækni. Markvisst eru innleiddar nýjungar á því sviði. Má þar nefna gagnvirka skjái, upptökur kennslustunda og beinar útsendingar þeirra, ýmsar vefsíður og rafrænt kennsluefni sem kennarar búa til og kennslukerfið Moodle. Moodle hefur meðal annars að geyma innbyggt pósthótt, vefumræður, spjallrásir, próftæki, verkefna miðlara, hópvinuverkfæri og ýmsa möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi.

Nýjasta viðbótin í þessari flóru kennslutækja er sýndarkennslustofan Big Blue Button, sem kennarar geta nýtt sér í gegnum Moodle í hverju námskeiði fyrir sig, og notuð var til reyns í fyrsta sinn þetta kennsluár. Big Blue Button sameinar marga kosti myndfunda, spjallkerfa og annarra samskiptamiðla og býður upp á miðlun á tölvuefni,




glæru- og myndasýningar, samskipti um vefmyndavélar og spjallkerfi, auk upptöku fyrirlestra í tímum.

Háskólinn á Akureyri leggur áherslu á að nemendur á þeim stöðum þar sem fjarnám er í boði hafi aðgang að þjónustu í heimabyggð. Það er ein forsenda fjarnámsins að nemendum sé sköpuð góð aðstaða til móttöku kennslu gegnum myndfundabúnað, tölvur og net. Háskólinn hefur því samstarf um fjarkennslu við háskólasetur, háskólafélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Þó aðstaða sé mismunandi á fjarkennslustöðunum hafa nemendur aðgang að myndfundabúnaði og tölvuveri ásamt ljósritunar- og vinnuádstöðu á þeim flestum.

Helstu samstarfsaðilar háskólans eru: Austurbú, Farskóli Norðurlands vestra, Háskólafélag Suðurlands, Háskólasetur Vestfjarða, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Viska – Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja og Þekkingarnet Þingeyinga.

Í fjarnáminu er ýmist um að ræða fullt nám í dagskóla eða nám sniðið að þörfum þeirra sem stunda það samhliða starfi. Fjarnemar greiða sömu skráningargjöld og aðrir nemendur skólans. Á sumum fjarkennslustöðum þarf að greiða aðstöðugjöld sem eru nokkuð mismunandi.

Verkefnastjóri fjarnáms er Daníel Freyr Jónsson.



## RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ – RHA

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA er sjálfstæð eining innan Háskólans á Akureyri. Rannsóknamiðstöðin nýtur ekki fastra fjárframlaga, heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti, félagasamtök og með rannsóknarstyrkjum innanlands sem utan.

Í árslok 2013 voru 12 starfsmenn í um 10 stöðugildum við RHA og Sjávarútvegsmiðstöðina við Háskólann á Akureyri – SHA sem rekin er undir hatti RHA. Forstöðumaður RHA er Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir.

Auk þess að stunda fjölbreyttar rannsóknir fyrir og í samstarfi við samfélag og atvinnulíf er það hlutverk RHA að efla rannsóknarstarfsemi við Háskólann á Akureyri sem og að styrkja tengsl háskólans við atvinnulífið. Einnig hefur miðstöðin það hlutverk að vinna að þróun nýrra verkefna innan HA og koma þeim í réttan farveg.

### Markmið með rekstri RHA er í meginatriðum fjórþætt:

- Að efla umsýslu og þjónustu við rannsóknir innan HA með það að markmiði að efla rannsóknir við HA og auka fjármagn til rannsókna úr samkeppnissjóðum.
- Að vinna að þróunar- og sérverkefnum á vegum HA á skilvirkan og markvissan hátt.
- Að vera tengiliður við setur og stofnanir sem starfa innan eða í tengslum við HA og skapa umgjörð til að hægt sé að hýsa litlar stofnanir og setur á sem skilvirkastan og hagkvæmasta hátt.
- Að vera tengiliður HA við atvinnulífið með því að sinna verkefnum fyrir atvinnulífið og stuðla að þekkingaryfirfærslu þangað frá HA.

RHA hefur með höndum stjórnsýslu rannsókna með þjónustusamningi við HA. Er þar um að ræða eftirtalda þætti sem lúta að stjórnsýslu, umsjón, þjónustu og ráðgjöf við rannsóknir í háskólanum:

- Umsjón með stigamati og rannsóknarskýrslum.
- Umsjón með sjóðum og styrkumsóknum.
- Þjónusta við dómnefnd HA vegna grunnmats og framgangs akademískra starfsmanna.
- Umsjón með rannsóknarmisserum.
- Umsjón með vinnumatssjóði.
- Þjónusta við Vísindaráð HA.

RHA hýsir ýmis verkefni fyrir háskólann, bæði langtíma- og skammtímaverkefni. Má þar nefna skrifstofu Rannsóknabings

norðursins, e. Northern Research Forum – NRF, skv. þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri. Þá sinnir RHA umsýslu vegna Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar – SHA og teljast starfsmenn þessara starfseininga til starfsmanna RHA. Ennfremur hefur RHA sinnt þjónustu við nemendur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem koma reglubundið til til náms við HA.

RHA hefur komið á fót ráðstefnuþjónustu og umsýslar ráðstefnur og fundi sem haldnir eru í HA í samstarfi við ýmsa aðila.

RHA er samstarfsaðili í nokkrum Evrópuverkefnum. Þar má nefna *ESPON* verkefni sem eru sérstök byggðarannsóknaverkefni: *Nordic Baltic Dialogues on Transnational Perspectives in Spatial Planning (NORBA)*, *Services of General Interest, (SeGI)*, *Key Indicators for Territorial Cohesion and Spatial Planning (KITCASP)* og *ESPON Evidence in a North European Context (ENECON)*. Þá umsýslar RHA svokallaðan *ESPON-ECP* tengilið í umboði Háskólans á Akureyri, en tengiliðir eru í öllum aðildarlöndum *ESPON* samstarfsins. Þá er RHA þátttakandi í tveimur verkefnum sem fjármögguð eru af sjóði Norrænu ráðherranefndarinnar *Arctic Cooperation Fund*. Þetta eru verkefni *in West Nordic Municipal Structure* og *Value creation in rural areas characterized by industry*.

### Styrkir á árinu:

- Eva Halapi og Kjartan Ólafsson hlutu styrk úr Rannsóknasjóði HA fyrir verkefnið *Awareness, perception and attitudes on global climate change among Icelanders*.
- Starfsmenn RHA voru meðumsækjendur í tveimur verkefnum sem hlutu styrk úr Háskólasjóði KEA.
- Hjalti Jóhannesson ásamt samstarfsaðilum hlaut styrk úr Vaxtarsamningi Eyjafjarðar fyrir verkefnið *Eyfrska efna-hagssvæðið. Söfnun hagrænna upplýsinga á héraðsstigi*.
- Hjalti Jóhannesson var meðumsækjandi verkefnis sem hlaut styrk úr Vaxtarsamningi Eyjafjarðar: *Tækifæri Íslands á Norðurslóðum*.

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA árið 2013 voru fjölbreytt. Hefur samsetning þeirra breyst nokkuð á undanföllum árum, meira er um styttri verkefni og kannanir af ýmsu tagi. Eftirfarandi listi sýnir þær rannsóknarskýrslur sem eru aðgengilegar á vefsíðu RHA, [www.rha.is](http://www.rha.is). Rétt er að benda á að ekki lýkur öllum verkefnum með skýrslu, svo sem minniháttar ráðgjafarverkefnum. Þá er nokkuð um áfangaskýrslur sem ekki eru birtar, sérstaklega í erlendum rannsóknarverkefnum.





um. Þannig er eftirfarandi listi yfir vinnu starfsmanna RHA að rannsóknum ekki tæmandi.

#### Rannsóknarskýrslur RHA 2013:

*Jafnlaunaathugun HA.* Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir

*KITCASP: Key Indicators for Territorial Cohesion and Spatial Planning. Rannsókn unnin fyrir tilstyrk ESPON undir stjórn National University of Ireland, Maynooth.* Íslenski hluti rannsóknar unninn af Hjaltu Jóhannessyni og Valtý Sigurbjarnarsyni hjá RHA í samráði við Skipulagsstofnun og Bygðastofnun.

*Samanburður á launum karla og kvenna hjá Orkuveitu Reykjavíkur.* Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

*Samanburður á launum karla og kvenna hjá Akureyrarbæ 2012.* Höfundur: Hjördís Sigursteinsdóttir.

*SeGI: Indicators and perspectives for services of general interest in territorial cohesion and development.* Unnið í samstarfi við NORUT og NORDREGIO. Höfundar: Trond Nilsen, Hjalti Jóhannesson, Klaus Georg Hansen og Trine Kvidal.

*Stabilizing Mega-projects in the Arctic? When Trans National Companies meet local communities in Norway, Iceland and Greenland.* Unnið í samstarfi við NORUT og NORDREGIO. Höfundar: Trond Nilsen, Hjalti Jóhannesson, Klaus Georg Hansen og Trine Kvidal.

*Tækifæri Íslands á Norðurlóðum. Greining fyrirliggjandi gagna um málefni tengd norðursiglingum, umskipunarhöfnun og þjónustu við olíuleit og námavinnslu.* Unnið í samstarfi við Arctic Portal. Höfundar: Hjalti Jóhannesson og Halldór Jóhannsson.

*Viðhorfskönnun meðal sveitafélaga til Lánasjóðs sveitafélaga.* Höfundar: Eva Halapi og Valtýr Sigurbjarnarson.


*Viðhorfskönnun meðal brautskráðra frá HA 2008 og 2011.* Höfundar: Eva Halapi og Halla Hafbergsdóttir.

*Viðhorfskönnun um námsumhverfi meðal nemenda við Háskólann á Akureyri.* Höfundar: Eva Halapi og Halla Hafbergsdóttir.

*Viðhorfskönnun meðal nemenda sem ekki hafa hafið nám en ekki lokið frá HA.* Höfundar: Eva Halapi og Halla Hafbergsdóttir.

*Þarfagreining. Áningarstaðir fyrir ferðamenn sem nota Strætó bs. á leiðum 57, 56, 78 og 79 um Norðurland.* Verkefni unnið fyrir Rannsóknamiðstöð ferðamála. Höfundar: Valtýr Sigurbjarnarson og Hjalti Jóhannesson.

*Þarfagreining. Greining á þörf fyrir starfsmenntun á Eyjafjarðasvæðinu.* Höfundar: Hjördís Sigursteinsdóttir og Hjalti Jóhannesson.



## UPPLÝSINGASVIÐ

Upplýsingasvið rak bókasafn háskólans og annaðist sérsöfn eins og lista- og steinasöfn. Auk þess annaðist upplýsingasvið mál er snerta útgáfu á skýrslum og hvers kyns ritröðum á vegum deilda. Aðra umsýslu vegna útgáfumála háskólans annast Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA.

Fastráðnir starfsmenn á sviðinu í árslok 2013 voru fimm talsins í 4,5 stöðugildum. Þar af var einn starfsmaður í hálfu starfi vegna samstarfssamnings um bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum. Auk þess starfaði á sviðinu starfsmaður í 0,25 stöðugildi í sérstöku verkefni sem hófst á haustmisseri, styrktu af Tryggingastofnun ríkisins.

Starfsfólk bókasafnsins veitir meðal annars ráðgjöf og aðstoð við upplýsingaleit og leggur áherslu á að veita nemendum, starfsfólki háskólans og öðrum lánþegum faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið leggur áherslu á að bjóða aðgang að vönduðu úrváli gagnasafna og rafrænna tímarita á fræðasviðum háskólans og hefur reynt að byggja bóka- og tímaritakost safnsins upp jafnt og þétt þannig að hann endurspegli fræðasvið skólans.

Hlutverk upplýsingasviðs er að annast kennslu og þjálfun í upplýsingalæsi og veita notendum safnsins þannig markvissan aðgang að víðtækri þekkingu hvaðanæva að. Mikil áhersla hefur verið lögð á kennslu og þjálfun nemenda í upplýsingalæsi en það er sú færni sem gerir mönnum kleift að leita upplýsinga, leggja mat á gæði þeirra og hagnýta þær í námi, kennslu og rannsóknum. Á árinu var boðið upp á þá nýjung að bóka viðtal við upplýsingafræðing til aðstoðar við heimildaöflun og -vinnu. Fræðsla í upplýsingalæsi á vegum bókasafns (kennslustundir í deildum, viðtöl og námskeið fyrir nemendur og starfsfólk) fór samtals fram í um 67 kennslustundum á árinu.

Á bókasafni er starfrækt kennslugagnasafn sem er ætlað að þjóna jöfnum höndum nemendum og kennurum kennaradeildar Háskólans á Akureyri og grunnskóla- og leikskólakennurum á Norðurlandi eystra. Safninu berast samkvæmt samningi eintök alls efnis sem út kemur á vegum Námsgagnastofnunar.

Góð aðstaða er til sýningahalds á bókasafninu og á árinu voru haldnar myndlistasýningar eftir listamennina Guðmund Ármann, Bryndísi Arnardóttur (Billu), Rannveigu Helgadóttur og Halldóru Helgadóttur.

Forstöðumaður upplýsingasviðs situr í verkefnisstjórn Skemmanar, sem er rafrænt gagnasafn (digital repository) þar sem geymd eru lokaverkefni nemenda og einnig rannsóknarit kennara og fræðimanna. Skemman er samvinnuverkefni allra háskólanna í landinu og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem sér um hýsingu og rekstur gagnasafnsins.

Forstöðumaður sviðsins er fulltrúi HA í samráðshópi um ritstuldarvarnir sem allir háskólar landsins hafa haft samstarf um frá haustinu 2011. Á árinu var unnið áfram að innleiðingu á Turnitin ([www.turnitin.com](http://www.turnitin.com)) hugbúnaðinum sem hefur það meginmarkmið að koma í veg fyrir ritstuld.

Á árinu barst bókasafninu vegleg bókaþjónustur í lögræði úr bókasafni Ármanns Snævarr, prófessors og fv. rektors HÍ, frá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Einnig tók bókasafnið við bókasafni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála – RMF til varðveislu, umsýslu og skrásetningar í Gegni.





# FÉLAG STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FSHA



Félag stúdentanna við Háskólann á Akureyri er félag allra innritaðra stúdentanna við HA. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdentanna, bakland og sameiningartákn deildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. FSHA hefur yfirumsjón með atburðum á sviði skemmtana-, íþróttar- og fjölskyldumála og stendur á bak við deildarfélögin til þess að sinna þessum málaflökum innan deilda. Félagið stendur vörð um hagsmunum heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdentanna og vinnur náið með starfsfólki skólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdentanna, beint eða óbeint.

**Stúdentaráð** fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Stúdentaráð setur sér, framkvæmdastjórn og fastanefndum FSHA verklagsreglur, sem starfað er eftir.

Stúdentaráð er skipað framkvæmdastjórn FSHA ásamt formönnum deildarfélaganna.

**Framkvæmdastjórn** starfar undir stúdentaráði og fer með fjármál og daglegan rekstur félagsins. Hún er skipuð formanni, varaformanni og fjármálastjóra. Framkvæmdastjórnin sér um að halda skrifstofu FSHA opinni fyrir stúdentanna.

#### Stúdentaráð starfsárið 2013-2014:

Leifur Guðni Grétarsson, formaður

Aníta Einarsdóttir, varaformaður

Hafðís Erna Ásbjarnardóttir, fjármálastjóri

Elín Friðriksdóttir, formaður Eirar, félagsheilbrigðisdeildarnema

Ari Brynjólfsson, formaður Kumpána, félagsnema við félagsvísindadeild

Jenný Þorsteinsdóttir, formaður Magister, félagskennaranema  
Hildur Helgadóttir, formaður Reka, félagsnema við viðskiptadeild

Þórhildur Edda Eiríksdóttir, forseti Stafnbúa, félagsauðlinda-deildarnema

Birgir Marteinson, formaður Þemis, félagslaganema.

Fulltrúar FSHA í háskólaráði skólaárið 2013-2014 voru Hafðís Erna Ásbjarnardóttir og Aníta Einarsdóttir.

Stúdentaráð hélt fundi á tveggja vikna fresti til að fjalla um hefðbundin verkefni. Með stærri málum á borði stúdentaráðs var dómsmál stúdentanna gegn ríkinu. Upphaf þess var að stjórn Lána-sjóðs íslenskra námsmanna samþykkti hertar kröfur um námsframvindu til að mæta niðurskurði stjórnvalda. Stúdentahreyfingar í landinu fylktu sér saman gegn þessari ákvörðun og höfðuðu mál gegn LÍN og stjórnvöldum. Sigur vannst þegar kröfur um námsframvindu voru dæmdar ólöglegar. Í þessu máli kom ljóslega fram hvers samtakamáttur stúdentanna er megnugur. Stofnfundur Landsamtaka íslenskra stúdentanna var haldinn við hátíðlega athöfn í Háskólanum á Akureyri 3. nóvember 2013. FSHA átti stóran þátt í aðdraganda og framkvæmd þess sögulega viðburðar.

[www.fsha.is](http://www.fsha.is)



Stúdentaráð FSHA, frá vinstri:

Birgir Marteinson, Jenný Þorsteinsdóttir, Elín Friðriksdóttir, Hildur Helgadóttir, Hafðís Erna Ásbjarnardóttir, Leifur Guðni Grétarsson, Aníta Einarsdóttir, Þórhildur Edda Eiríksdóttir og Ari Brynjólfsson.





# FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir nemendur og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka námsmannaíbúðir og annast aðra þjónustu við námsmenn. Sérstakar reglur gilda um úthlutun nemendahúsnæðis. Umsóknarfrestur um sumarvist er til 1. mars og fyrir vetrarvist 20. júní.

#### Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46 með 14 herbergjum og 10 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989,

Klettastíg með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993 - 1994,

Drekagil þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000,

Tröllagil með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004 og Kjalarsíðu með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008.

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er  
Jónas Steingrímsson.

#### Stjórn FÉSTA skipa:

Halla Margrét Tryggvadóttir, skipuð af Akureyrarbæ

Ólafur Búi Gunnlaugsson, skipaður af háskólaráði HA

Kristín Ágústsdóttir, skipuð af háskólaráði HA

Berglind Ósk Guðmundsdóttir nemi, skipuð af FSHA

Þórhildur Edda Eiríksdóttir nemi, skipuð af FSHA

#### Til vara:

Úlfar Hauksson, skipaður af háskólaráði HA

Elín Birna Vigfúsdóttir nemi, skipuð af FSHA

[www.festaha.is](http://www.festaha.is)



## SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Símenntun Háskólans á Akureyri leitast við að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi. Símenntun HA nýtur ekki fjárveitinga frá Alþingi og þarf starfsemin að standa undir útlögðum kostnaði og taka tillit til samkeppnislaga. Eitt stöðugildi er hjá Símenntun við námskeiðahald en þjónusta er lýtur að fjárhagslegum rekstri og húsnæði er á vegum háskólaskrifstofu.

Á vormisseri voru skipulögð 30 námskeið, mismunandi að innihaldi og lengd, af þeim voru 21 haldið en hin féllu niður vegna ónógrar þátttöku þannig að þau stóðu ekki undir sér fjárhagslega. Þrátt fyrir það hlýst af þeim óhjákvæmilegur kostnaður vegna skipulagningar og auglýsinga.

Sem fyrr komu kennarar námskeiða víða að, bæði frá háskólum sem og sérfræðingar úr atvinnulífinu. Samstarf var við ýmsar stofnanir um námskeið á ákveðnum sérsviðum, til dæmis Félag löggiltra endurskoðenda og Þekkingarmiðlun.

Í maí lauk 13 manna hópur námi í *Verkefnastjórnun – leiðtogaþjálfun* í samstarfi við Nordica ráðgjöf ehf, en að henni standa þeir dr. Haukur Ingi Jónasson og dr. Helgi Þór Ingason sem eru með reyndustu stjórnendaþjálfurum landsins. Þetta nám hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Lögð er áhersla á að samtvinna stjórnun og samskiptafærni. Þá kom öðru sinni til okkar dr. Ed Sobey, forseti Northwest uppfinningamiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum. Hann hélt vinnustofu fyrir kennara um það hvernig aðstoða má nemendur við að læra um vísindi í gegnum skapandi ferli nýsköpunar og uppfinninga og nota einföld efni til bygginga fjölbreyttra líkana, eins og kassa utan af morgunkorni.

Á haustmisseri var 31 mismunandi námskeið/nám skipulagt, af þeim voru 17 haldin. Starfsemi haustsins hófst samkvæmt venju með aðfaranámskeiðum fyrir nýja háskólanemendur, í staðar- og fjarkennslu víðs vegar um landið, í efnafræði og Excel, en fella þurfti niður námskeið í fjárhagsbókhaldi og stærðfræði. Námskeið í suður-evrópskum tungumálum njóta vinsælda en utanríkisráðuneyti Ítalíu hefur styrkt ítölskukennslu við HA í mörg ár sem hefur gert nemendum mögulegt að stunda ítölskunám sér að kostnaðarlausu.

Fyrir áeggjan Samtaka ferðaþjónustunnar fór af stað landsleiðsögunám og þreyttu 30 manns tungumálainntökuþróf en fjöldi þátttakenda var 21 um áramót.

Eins og undanfarin ár eru það fleiri konur en karlar sem sækja námskeið hjá Símenntun. Á árinu taldi nemendahópurinn um 550 manns og þar af voru þrír af hverjum fjórum konur. Þátttakendur á námskeiðum eru á öllum aldri en fjölmennustu hóparnir eru á aldursbilinu 40 til 55 ára. Framboð á fræðslu og afþreyingu fer sífellt vaxandi hér sem annars staðar og samkeppnin er því mikil, sem gerir kröfur um að framboð sé fjölbreytt og þjónustan góð og sveigjanleg. Öflugt kynningarstarf er einnig nauðsynlegt.



Brautskráning nemenda Símenntunar HA í verkefnastjórnun 11. maí.

Frá vinstri, fremst: Sigurlína Styrmissdóttir, Harpa Vilbergisdóttir, Sigurlaug Hanna Leifsdóttir. Önnur röð: Elín Magnadóttir, Einar Logi Vilhjálmsson, María Jónsdóttir, Magnús Már Þorvaldsson. Þriðja röð: Oddur Sigurðarson, Birgit Schov, Guðmundur Helgi Sígússon, Bergþóra H. Arnórsdóttir, Þorsteinn Marínósson, Jóna Matthíasdóttir.



# SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐIN VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI – SHA

Meginmarkið SHA er öflun og miðlun upplýsinga á sviði sjávarútvegs milli skóla, stofnana og atvinnulífs og að styðja við stefnu Háskólans á Akureyri í þeim efnum. Miðstöðin hefur um eitt fast stöðugildi, hlutastöður við kennslu í sjávarútvegsfræðum og tímabundin stöðugildi vegna rannsóknar- og verkefnastyrkja. Starfsmenn eru því í hlutastarfi við SHA en sinna samhliða því kennslu, eru í MSC námi eða eru verkefnaráðnir til lengri eða skemmri tíma.

Forstöðumaður SHA var Hreiðar Þór Valtýsson sem jafnframt er lektor við auðlindadeild HA. Auk hans störfuðu við SHA Hörður Sævaldsson, Bjarni Eiríksson og Anna Guðrún Árnadóttir á árinu 2013. Öll eru þau sjávarútvegsfræðingar.

**Helstu verkefni starfsfólks SHA árið 2013 voru:**

- **Upplýsingaveita um íslenskan sjávarútveg, rekstur og ritstjórn [www.fisheries.is](http://www.fisheries.is):** Verkið er unnið fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Vefurinn er talsvert notaður þegar verið er að vinna að umhverfismerkingum íslenskra fiskistofna (til dæmis *Marine Stewardship Council* eða *Icelandic Responsible Fisheries*). Einnig vísa íslensk sjávarútvegsfyrirtæki viðskiptaaðilum sínum til vefsins varðandi upplýsingar.
  - **Grunn- og framhaldsskólar:** Kennsla á skólaskipinu Húna II. Einnig fyrirlestrar í framhaldsskólum um mikilvægi sjávarnytja og um lífríki sjávar við Ísland.
  - **Sjávarklasinn, SHA er meðlimur í menntahóp sjávarklasans**
  - **Menntavitinn:** Verkefni á byrjunarreit unnið í menntahóp sjávarklasans, í samstarfi við fyrirtæki, þar sem kynntar verða námsleiðir starfsfólks í sjávarútvegi og tengdum greinum.
  - **Verkefnamiðlunin:** Vefsíða sem opnuð var árið 2012 og tengir saman nemendur og fyrirtæki í sjávarútvegstengdum greinum.
  - **Nordmarine, fagnet um málefni strand- og hafsvæða á norðurlóðum:** SHA leiðir fagnet innan Háskóla Norðurlóðanna, University of the Arctic. Helsta verkefni þess nú er samstarf norðlægra háskóla sem hafa hagnýtt sjávarútvegstengt nám. Árið 2013 voru haldnir fundir á Akureyri og í St. John's University á Nýfundnalandi. Fundinn sóttu fulltrúar frá háskólunum í Tromsø, Bodø, Turku, Þórshöfn í Færeyjum og St. John's.
- Styrkir fengust hjá Norrænu ráðherranefndinni og samvinnusjóði á vegum norska og íslenska utanríkisráðuneytisins. Unnið er að sameiginlegum áfanga milli allra skólanna um sjávarútveg á norðurlóðum, *Northern fisheries*.
- **Vistey – upplýsingagátt um lífríki sjávar í Eyjafirði:** Vefur sem rekinn er af SHA. Verkefnið var upphaflega styrkt af Vaxtarsamningi Eyjafjarðar og síðar af Samherja. Gefin var út bók á ensku um lífríki sjávar í Eyjafirði. Styrkur hefur fengist til að gefa bókina út á íslensku þannig að hún nýtist sem kennslufni í framhaldsskólum.
  - **N4, sex sjónvarpsþættir um sjávarútveg:** Þáttaröðin *Auðæfi hafsin* var sýnd á N4 vorið 2013. Lögð var áhersla á hið jákvæða í íslenskum sjávarútvegi, verðmætasköpun, nýsköpun

og íslenska tækni. Í síðasta þætti var fjallað um sælkerakvöld nemenda við auðlindadeild. Starfsmenn SHA tóku þátt í handritsgerð þáttana og veittu sérfræðiráðgjöf.

- **Íslenskur sjávarútvegur – auðlind úr hafinu á alþjóðamarkað:** Styrkur fékkst frá Rannsóknarsjóði síldarútvegsins til að rita rafbók um íslenskan sjávarútveg. Markhópur er nemendur í framhaldsskólum og aðrir sem vilja fá dýpri skilning á sjávarútvegi.
- **Fræðslu- og kynningarmyndbönd, Lífríkið í sjónum við Ísland:** SHA var meðumsækjandi í öðru verkefni sem fékk styrk frá Rannsóknarsjóði síldarútvegsins. Gerð verða stutt myndbönd um neðansjávarlíf.
- **FAO – Price Linkages and Factors that Determine Prices and Margins throughout the Value-Chain:** Alþjóðlegt verkefni, greining á virðisæðju íslensks sjávarútvegs. Verkefninu lauk og var gefin út um það skýrsla á vegum FAO.
- **Gagnagrunnar:** Starfsmenn SHA hafa safnað að sér ýmsum gagnagrunnum um fiskveiðar hérlendis sem erlendis. Sem dæmi eru upplýsingar um útflutningsmagn og tekjur af sjávarafurðum á Íslandi og í Noregi. Einnig upplýsingar frá FAO um aflabrögð í heiminum. Ennfremur nákvæmar upplýsingar um aflabrögð við Ísland frá byrjun 20. aldar.
- **Skelrækt, hagsmunasamtök skelræktenda:** Starfsmaður SHA vann fyrir samtökin á árinu.
- **Söfnun kræklingalirfa:** Söfnun í samstarfi við fjölda minni rannsóknarmiðstöðva víðs vegar um landið. Verkefnið var að mestu styrkt af Verkefnasjóði sjávarútvegsins.
- **Tilraunaveiðar á vannýttum skeljategundum:** Verkefninu var lokið á árinu með skýrslu.
- **Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna – UNU-FTP:** Starfsmenn SHA höfðu með höndum umsjón lokaverkefna, árlega móttöku nemanda á Norðurlandi og uppfærslu á sérnámskeiði í samvinnu við HA.
- **Sjávarútvegsráðstefnan:** Sérfræðingar SHA hafa tekið þátt í þessari ráðstefnu frá upphafi. Í ár var einn fyrirlestur á vegum SHA, um stoðkerfi sjávarútvegs. Nema í sjávarútvegsfræði hafa einnig unnið við ráðstefnuna.
- **Nemendaverkefni:** Starfsmenn SHA aðstoða og leiðbeina nemendum í sjávarútvegsfræðum við ýmis verkefni, lokaverkefni, sumarverkefni eða af öðrum toga. Nemendur í sumarvinnu unnu að verkefnum tengdum lýsisvinnslu og fullvinnslu á sundmögum.
- **Erlendar heimsóknir:** Árið 2013 aðstoðuðu starfsmenn SHA við heimsókn fulltrúa frá nýsjálenskum sjávarútvegi til Íslands. Forseta viðskipta- og raunvísindasviðs HA var í kjölfarið boðið til Nýja Sjálands til ráðgjafastarfa.

## Gagnlegir vefir

Sjávarútvegsmiðstöðin við HA – SHA [www.sjavar.is](http://www.sjavar.is)  
Icelandic Responsible Fisheries [www.responsiblefisheries.is](http://www.responsiblefisheries.is)  
Sjávarklasinn [www.sjavarklasinn.is](http://www.sjavarklasinn.is)  
Verkefnamiðlunin [www.verkefnamidlun.is](http://www.verkefnamidlun.is)  
Vistey [www.vistey.is](http://www.vistey.is)

# RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



## RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Árið einkenndist meðal annars af því, að að hafin var vinna við verkefni sem styrkt voru með framlagi á fjárlögum ársins 2012.

Auk þessara verkefna má telja til viðburða að út kom hjá Máli og menningu bókin *Ferðamál á Íslandi*. Bókin byggir mikið á vinnu RMF og er hún fyrst sinnar tegundar hér á landi.

Samhliða sérstöku framlagi á fjárlögum ársins 2012 komu hagsmunaaðilar í ferðapjónustu að rekstri RMF og ber þar helst að nefna styrk Icelandair til þriggja ára, og samning um verkefni fyrir *Cruise Iceland* sem gerður var í byrjun árs 2013.

Formlegar starfsstöðvar RMF voru tvær á árinu, við Háskóla Íslands í Reykjavík (Öskju) og við Háskólann á Akureyri (Borgum), en starfsmenn sem sinna verkefnum, sem fjármögnuð eru af RMF, eru einnig á Húsavík, Höfn og Hólum í Hjaltadal.

### Starfsmenn árið 2013 voru:

#### Á Akureyri:

Alda Metrass Mendes, nýdoktor  
Edward H. Huijbens, forstöðumaður  
Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri  
Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur

#### Í Reykjavík:

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur  
Helga Kristjánsdóttir, sérfræðingur  
Cristi Frenç, sérfræðingur  
Auk þeirra sem manna starfstöðvar RMF eru nokkrir sem sinna verkefnum sem fjármögnuð eru af RMF en það eru:  
Anna Vilborg Einarsdóttir, Reykjavík  
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Hólum  
Johannes T. Welling, Höfn  
Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir, Húsavík

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár: Aðalfundur var haldin 28. febrúar, vorfundur að Hólum 4. júní, haustfundur 24. október.

### Í stjórn RMF árið 2013 áttu sæti:

Rögnvaldur Ólafsson, Háskóli Íslands, formaður stjórnar  
Hjalti Jóhannesson, Háskólinn á Akureyri, að aðalfundi og Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Háskólinn á Akureyri, varaformaður frá aðalfundi  
Ögmundur Knútsson, Háskólinn á Akureyri  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, Háskóli Íslands  
Bjarnheiður Hallsdóttir, Samtök ferðapjónustunnar

Guðrún Helgadóttir, Háskólinn á Hólum  
Oddný Þóra Óladóttir, Ferðamálastofa

### Rannsóknarverkefni ársins

#### Verkefni sem fjármögnuð voru gegnum RMF:

Verkefni	Tengiliður	Stofnun
<i>Umbreytingar: ferðapjónusta, staður og sjálfsemd</i>	Guðrún Þóra Gunnarsdóttir	Háskólinn á Hólum
<i>Þjóðhagslegur ávinningur ferðapjónustu</i>	Edward H. Huijbens	RMF
<i>Þróun ferðamannastaða og þolmörk ferðamanna</i>	Anna Dóra Sæþórsdóttir	Háskóli Íslands
<i>Þróun sjálfbærrar ferðapjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði</i>	Þorvarður Árnason	Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði
<i>Ferðapjónusta í byggðum landsins</i>	Lilja B. Rögnvaldsdóttir	Rannsóknasetur HÍ á Húsavík

### Rannsóknarverkefni styrkt af Icelandair Group

*Rannsóknir á flug- og ferðapjónustu.* Samspil flugs og ferðamennsku, hvernig má undirbyggja viðskiptalíkan sem skilar hagnaði og gengur ekki á auðlindir. Greining væntinga og þarfa farþega Icelandair.

Alda Metrass vinnur verkefnið.

### Rýning á forsendum hliðarreikninga ferðapjónustu á Íslandi

Varðar hagræn áhrif ferðapjónustu á Íslandi.

Cristi Frenç vinnur verkefnið.





## Verkefni unnin á RMF:

### *Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi – mögulegt framhald*

Upphaflegu verkefni, kortlagningu auðlinda ferðaþjónustunnar neðan hálendislínu í Rangárþingi, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Ásahreppi, lauk á árinu. Landmælingar Íslands gerðu vef, opinn almenningi, um niðurstöðurnar.

Yfir verkefninu og framhaldi þess starfar verkefnisstjórn en hana skipa:

- Edward H. Huijbens, Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Oddný Þóra Óladóttir, Ferðamálastofu.
- Ásta Kristín Óladóttir og Eydís L. Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands.

Verkefnið er unnið með fulltingi Ferðamálastofu og verkefninu sinnir Edward H. Huijbens, forstöðumaður.

### *Skemmtiskip við Íslandsstrendur*

Rannsókn á áhrifum af komu skemmtiskipa til landsins. Efnahagsáhrif, áhrif á samfélög þar sem komið er að landi, áhrif á umhverfi í staðbundnu og hnattrænu samhelgi.

Verkefninu sinnir Kristinn Berg Gunnarsson, sérfræðingur hjá RMF, en Edward H. Huijbens, forstöðumaður er honum til fulltingis.

### *Rural Tourism Transport – trans tourism verkefnið*

Þróun sjálfbærra samgangna í þágu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum í Norður-Evrópu, unnið í samstarfi við Svía, Skota og Íra. Bætt net almenningssamgangna, samnýting flutningsleiða í þágu ferðamennsku og fyrir matvæli, sorphirðu og endurvinnslu, upplýsingagjöf á internetinu og í farsíma.

Edward H. Huijbens er starfsmaður verkefnisins.

### *Tourism, Wellbeing and Ecosystem Services (TObeWELL).*

Fjölpjódlegt verkefni. Samþætting ferðaþjónustu, með áherslu á lífkerfi, við aðra þætti mannlegrar tilvistar, svo sem menningu, heilsu og vellíðan. Sköpun vettvangs fyrir ný rannsóknarverkefni um það, hvernig ferðamennska getur bætt heilsu og vellíðan. Samlíf ferðaþjónustu og náttúruauðlinda, sjálfbær nýting vistkerfa. Leitast er við að leggja mat á virði slíkrar nýtingar.

Cost – rammaáætlun Evrópusambandsins er bakhjarl verkefnisins. Edward H. Huijbens sinnir því.

### *ICT Toolbox in the experience economy*

„Verkfærakista“ fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á norðurlöðum. Nýting upplýsingatækni til að koma vörum og þjónustu á framfæri. Þátttaka frá Noregi, Danmörku og Finnlandi auk Íslands.

Kristinn Berg Gunnarsson og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingar hjá RMF, sinntu þessu verkefni en því lauk haustið 2013. Skýrsla um verkefnið og árangur ársins liggur fyrir.

### *Slow adventure tourism*

Að bera kennsl á vörur og þjónustu sem lúta að „hæglátum“ ævintýraferðum á starfssvæði NORA. Skilgreining á fyrirbærlinu og gerð leiðbeininga um, hvernig skipuleggja má ferðaþjónustu af þessu tagi í takt við umhverfi og náttúru.

Edward H. Huijbens forstöðumaður sinnir þessu verkefni.

### *Norðurlóðasamstarf*

RMF er virkur þátttakandi í norðurlóðasamstarfi fræðafólks í ferðamálum með þátttöku í *International Polar Tourism Research Network (IPTRN)*. Þetta hefur skapað fótfestu til þátttöku í mótun norðurlóðaáherslna Háskólans á Akureyri, en þar eru fjölmörg verkefni og ýmsir samstarfsmöguleikar í mótun. Frá og með lokum 2013 tók RMF við heimasíðu IPTRN af háskólanum í Quebec (<http://iptrn.rmfi.is/>)

Edward H. Huijbens forstöðumaður RMF sinnir samstarfinu.

## NORÐURSLÓÐANET ÍSLANDS



Norðurslóðanet Íslands – þjónustumiðstöð norðurslóðamála, *Icelandic Arctic Cooperation Network*, var stofnað þann 7. febrúar 2013 með undirritun samnings milli utanríkisráðuneytisins og Norðurslóðanetsins. Norðurslóðanetið er hluti af sóknaráætlun landshluta. Fjöldmargir aðilar, sem tengjast norðurslóðamálum á Akureyri, undirbjuggu stofnunina, í samstarfi við Eyping og stjórnvöld.

Tilgangur Norðurslóðanetsins er, að auka sýnileika og skilning á málefnum norðurslóða, að vekja athygli á starfsemi aðila hér á landi sem vinna að norðurslóðamálum, og að styðja við samstarf fjölbreyttra hagsmunaaðila sem vinna að málefnum norðurslóða.

Stefán B. Sigurðsson, rektor HA, Þorsteinn Gunnarsson, sérfræðingur hjá RANNÍS, og Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri Arctic Portal, skipuðu stjórn Norðurslóðanetsins árið 2013.

Stefán B. Sigurðsson var formaður hennar.

Stofnaðilar Norðurslóðanetsins eru: Háskólinn á Akureyri, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Heimskautaréttarstofnunin, Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Rannsóknþing norðursins, Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannsóknamiðstöð ferðamála, Arctic Portal og vinnuhópar Norðurskautsráðsins CAFF (*Conservation of Arctic Flora and Fauna*) og PAME (*Protection of Arctic Marine Environment*).

Frá stofnun hafa ýmsar opinberar stofnanir bæst við undir Norðurslóðanetið. Einnig sveitarfélög og stofnanir á vegum þeirra um land allt.

Forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands er Embla Eir Oddsdóttir. Ingveldur Tryggvadóttir verkefnastjóri er starfsmaður.

[www.nordurslodanetid.is](http://www.nordurslodanetid.is)

[www.arcticiceland.is](http://www.arcticiceland.is)



Embla Eir Oddsdóttir, forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands



## SAMNINGAR

Í skránni hér á eftir er getið helstu samninga sem Háskólinn á Akureyri gerði á árinu. Fyrst er getið um samningsaðila, síðan eðli samningsins og loks dagsetningu undirskriftar. Auk þessa hafa deildir og svið gert fjölda samstarfssamninga, m.a. við erlendar stofnanir og háskóla.

**Háskólinn á Akureyri, heilbrigðisvísindasvið, og dr. Karen Jacobs.**

Samningur um stöðu gestalektors við HA. 16. júní 2013.

**Háskólinn á Akureyri, heilbrigðisvísindasvið, og dr. Snorri Björn Rafnsson.**

Samningur um stöðu gestadósentis við HA. 3. maí 2013.

**Háskólinn á Akureyri og Háskólafélag Suðurlands.**

Samningur um fjarnám í hjúkrunarfræði á Suðurlandi. 6. mars 2013.

**Háskólinn á Akureyri, viðskipta- og raunvísindasvið, og dr. Eyjólfur Guðmundsson.**

Samningur um stöðu rannsóknarprofessors við HA. 1. febrúar 2013.

**Háskólinn á Akureyri og RÚV.**

Samkomulag um gagnkvæman aðgang að húsnæði, afnot af búnaði og nám og kennslu (byggir á samningi aðila frá 2010). 18. janúar 2013.

**Háskólinn á Akureyri og menntavísindasvið Háskóla Íslands**

Samningur um útgáfu tímaritsins *Uppeldi og menntun* 2013 - 2014. 10. janúar 2013.

**Háskólinn á Akureyri, University of Lapland og Harstad University College.**

Samningur um rannsóknar- og þróunarsamstarf. Undirritaður 2013.

**Háskólinn á Akureyri, Stefna Hugbúnaðarhús og Tækifæri hf.**

Samstarfssamningur um Atvinnu- og nýsköpunarhelgi á Akureyri. 29. ágúst 2013.

**Háskólinn á Akureyri og Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA.**

Samningur um rekstur námsmannaíbúða. 13. nóvember 2013.

**Háskólinn á Akureyri og Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri – FSHA.**

Samstarfssamningur. 13. nóvember 2013.

**Háskólinn á Akureyri, viðskipta- og raunvísindasvið, og dr. Robert W. Jackson.**

Samningur um stöðu gestaprófessors við HA. 25. nóvember 2013.

**Háskólinn á Akureyri og Penninn.**

Viðskiptasamningur. 14. júní 2013.



## STYRKIR

### Gjafir

Bókasafni háskólans barst vegleg bókaþjóf á sviði lögfræði úr bókasafni Ármanns Snævarr, prófessors, og fyrrverandi rektors Háskóla Íslands. Gefandi: Landsbókasafn Íslands – Háskóla-bókasafn.

### Styrkir

**Í febrúar var úthlutað styrkjum úr Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri. Úthlutað var styrkjum að upphæð samtals kr. 14.260.000. Eftirfarandi hlutu styrk:**

Elín Díanna Gunnarsdóttir. *Áhrif þverfaglegar meðferðar*. Kr. 800.000.

Eva Halapi. *Awareness, perception and attitudes on global climate change among Icelanders*. Kr. 1.022.000.

Finnur Friðriksson. *Íslenska sem námsgrein og mál í námi og kennslu*. Kr. 1.100.000.

Guðrún Pálmadóttir. *Skjólstaðingsmiðuð endurhæfingaráþing*. Kr. 600.000.

Hilmar Þór Hilmarsson. *Small states and big finance: Why were different policy responses chosen in Iceland than in Latvia, and with what results?* Kr. 452.000.

Jóhann Örlygsson. *Frumuverksmiðjur*. Kr. 1.000.000.

Jóhann Örlygsson. *Einangrun kulda- og hitakærra þörunga úr íslensku umhverfi*. Kr. 500.000.

Kjartan Ólafsson. *Hugmyndir íslenskra ungmenna um netávana*. Kr. 600.000.

Kristinn P. Magnússon. *Nýsamsetning erfðamengja rjúpu og dalrjúpu*. Kr. 1.150.000.

Nikolai Gagunashvili. *Parametric and non-parametric methods of analysis of data obtained from detectors with finite resolution and limited acceptance*. Kr. 1.000.000.

Oddur Vilhelmsson. *Áður óþekktir alfapróteógerlar úr íslenskum strandfléttum*. Kr. 850.000.

Páll Björnsson. *Deilur um ættarnöfn á Íslandi á 20. öld*. Kr. 652.000.

Rúnar Sigþórsson. *Rannsókn á Byrjendalæsi*. Kr. 804.000.

Sigríður Inga Karlsdóttir. *Samanburður á væntingum og upplifun kvenna af sársauka og meðferð við sársauka í fæðingu*. Kr. 300.000.

Sigríður Sía Jónsdóttir. *Samanburður á félagslegum stuðningi og sambandi við maka meðal barnshafandi kvenna sem skimast jákvætt/neikvætt fyrir þunglyndi og kvíða á meðgöngu*. Kr. 300.000.

Sigþór Pétursson. *Stíllanleg staðvendni við eternýndun*. Kr. 600.000.

Snæfríður Þóra Egilson. *Lífsgæði, þátttaka og umhverfi íslenskra barna með og án einhverfu*. Kr. 1.480.000.

Steingrímur Jónsson. *Hafstraumar og sjógerðir í norðanverðu Grænlandssundi*. Kr. 350.000.

Ögmundur Knútsson. *Samanburður á áhrifaþáttum á árangur á virðisdeðjur í sjávarútvegi á Íslandi, í Noregi og á Nýja Sjálandi fyrir Atlantshafsborsk og hokinhalu (Hoki – Blue Hake) frá Nýja Sjálandi*. Kr. 700.000.

**Á háskólahátíð þann 15. júní afhentu Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri, styrki úr Háskólasjóði KEA. Að þessu sinni voru veittir níu rannsóknarstyrkir, að upphæð alls kr. 4.100.000. Eftirfarandi rannsóknarverkefni hlutu styrk:**

Rúnar Sigþórsson, Rósa Guðrún Eggertsdóttir og Guðmundur H. Frimannsson. *Fagmennska í skólatarfi, rit til heiðurs Trausta Þorsteinsyni*. Kr. 200.000.

Rannveig Björnsdóttir dósent. *Nýr flötur*. Kr. 300.000.

Ársæll Már Arnarsson. *Áhrif ACE hamlara og Angiotensin II antagonista á samdrátt slagæðlinga í sjónhimnu*. Kr. 400.000.

Hreiðar Þór Valtýsson. *Hverastrýtumar í Eyjafirði – Lífríkið neðansjárvar*. Kr. 400.000.

Kjartan Ólafsson og Ólína Freysteinsdóttir. *Netávani íslenskra unglinga og forvarnir*. Kr. 400.000.

Trausti Þorsteinsson. *Samfélagslegt hlutverk háskóla*. Kr. 500.000.

Markaðs- og kynningarsvið HA. *Sjónvarpsþáttur Ara Trausta Guðmundssonar*. Kr. 500.000.



Ásta Margrét Ásmundsdóttir. *Röntgentækni til greiningar á frumefnainnihaldi þangs*. Kr. 600.000.

Oddur Vilhelmsson. *Alfapróteógerlar og veirur þeirra úr Jökulsá á Fjöllum*. Kr. 700.000.

**Viðurkenningar fyrir góðan námsárangur hlutu eftirfarandi kandiðatar:**

Viðskipta- og raunvísindasvið: Kristín Baldvinsdóttir. Kr. 50.000.

Heilbrigðisvísindasvið: Heiða Berglind Magnúsdóttir. Kr. 50.000.

Hug- og félagsvísindasvið: Ruth Margrét Friðriksdóttir. Kr. 50.000.

**Nýsköpunarsjóður námsmanna:**

Anna María Guðmundsdóttir. *Skimun á andoxunareiginleikum í ýmsum hliðarafurðum matvælaframleiðslu og vannýttum auðlindum*. Kr. 510.000.

Nancy Rut Helgadóttir. *Ræktun þörunga við mismunandi aðstæður, til aukinnar nýtingar á affallsvatni vinnslustöðva*. Kr. 510.000.

**Rannís úthlutaði á árinu styrk úr Rannsóknasjóði til verkefnis við Háskólann á Akureyri:**

Oddur Vilhelmsson. *Örverubíóta Peltigera fléttna: skimun erfðamengjasafns, stýrð einangrun og líflandafræði*. Kr. 5.960.000.

**Rannís úthlutaði á árinu styrk úr Þróunarsjóði námsgagna til verkefnis:**

Brynhildur Þórarinsdóttir. *Talandi vefur*. Kr. 560.000.

**Verkefnasjóður Samstarfsnets opinberra háskóla úthlutaði styrkjum til tveggja verkefna á heilbrigðisvísindasviði:**

*Greining og undirbúningur mögulegs samstarfs HÍ og HA í sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun og matvæla- og næringarfræði 2013-2014* (samstarfsverkefni HA og HÍ). Kr. 1.500.000. til HA.

*Samstarf háskóla um nám í hjúkrunarfræði* (samstarfsverkefni HA og HÍ) Kr. 5.000.000. til HA.



## EITT OG ANNÆÐ



Frá fyrsta fundi nýskipaðs háskólaráðs 25. janúar. Frá vinstri: Stefán B. Sigurðsson, rektor, Hermína Gunnþórsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins, Hafdís Erna Ásbjarnardóttir, fulltrúi nemenda, Hjörleifur Einarsson, fulltrúi háskólasamfélagsins, Sigrún Stefánsdóttir, varafulltrúi háskólaráðs, Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra og Finnþogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs.



Háskóladagurinn var að þessu sinni haldinn 9. mars í Reykjavík og fór fram á þremur stöðum. Háskólinn á Akureyri hafði sína kynningu í Háskólabíói ásamt nokkrum öðrum skólum. Háskólar landsins kynntu námsframboð næsta skólaárs. Háskóladagurinn er árlegur viðburður og hann sækja jafnan nokkur þúsund gestir. Kynntir eru möguleikar til náms sem og þjónusta við nemendur. Margir nýta sér þá persónulegu ráðgjöf sem barna býðst af hálfu nemenda, kennara og náms- og starfsráðgjafa skólanna. Háskóladagurinn er svo endurtekinn í smækkaðri mynd á þéttbýlisstöðum viðs vegar um landið.



Natalia Loukacheva gegndi stöðu rannsóknarprofessors í norðurslóðfræðum, Nansensstöðu við HA. Háskólinn á Akureyri og utanríkisráðuneytið hafa gert með sér samning um samstarf á sviði heimskautarannsóka og er Nansensstaðan liður í því samstarfi. Samningurinn var gerður á grunni viljayfirlýsingar um samstarf í norðurslóðarannsóknnum milli utanríkisráðuneyta Íslands og Noregs frá 2011.

Ráðið er í Nansensstöðuna til ens árs í senn í þrjú ár, fyrst 2013.





Rósa Guðrún Eggertsdóttir, gestafræðimaður, áður sérfræðingur við miðstöð skólaþróunar – MSHA, við upphaf vörðstefnu MSHA 13. apríl. Yfirskrift ráðstefnunnar var að þessu sinni *Skóli og nærsamfélag: Að verða þorpið sem elur upp barnið*. Meginþemað var, hvernig skólar, í samspieli við foreldra, umhverfi og samfélag, geti uppfyllt menntastefnu þá, sem birtist í nýrri aðalnámskrá. Ráðstefnan var í formi fyrirlestra og málstofa og tókst hún vel.



Unnið við sjálfsmat í kennaradeild í maí, fundur með fulltrúum skólafólks á Akureyri. Á myndinni eru frá vinstri: Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Oddeyrarskóla, Rúnar Sigþórsson, formaður sjálfsmatsteymis kennaradeilda, Helen Simons professor emeritus í menntunarfræði og matsfræði við University of Southampton, en hún var ráðgjafi matssteymisins, Kristlaug Svavarsdóttir, skólastjóri Leikskólans Íðavallar, og Karl Frimannsson, starfandi fræðslustjóri Akureyrar.



Roni Horn, höfundur verksins *Some Thames*, sem prýðir húsakynni háskólans á Sólborg, heimsótti skólann í maí. Tilefnið var endurnýjun listaverksins, sem Roni Horn afhenti háskólanum að gjöf árið 2003. Verkið samanstendur af 80 ljósmyndum af vatni Thamesárinnar, tekum í miðborg Lundúna á árunum 1999 og 2000. Við upphengingu verksins að nýju var leitast við að draga úr skaðlegum áhrifum birtu á myndirnar.

Á myndinni eru frá vinstri: Ólafur Búi Gunnlaugsson, Roni Horn, Rósa Kristín Júlíusdóttir og Guðmundur Ármann Sigurjónsson, tvö þau síðastnefndu úr sjónlistanefnd HA.

## EITT OG ANNAD

---



Á vordögum fóru nokkrir nemendur úr félagsvísindadeild með kennara sínum, Markus Meckl, til Riga í Lettlandi. Verkefnið var styrkt gegnum Nordplus. Tilgangur ferðarinnar var að halda sameiginlega málstofu með nemendum og kennurum úr háskólanum í Riga. Efni málstofunnar var, að kynna og kynnast ýmsum íslenskum og lettneskum þjóðhetjum. Skoðað var, hvaða hlutverki hetjur gegna, hvernig þær endurspeglar umhverfið sem þær eru sprottnar úr, og hvort greina má menningarlegan mun á þjóðarsál Íslendinga og Letta út frá þeirri hugmyndafræði sem hetjur miðla.



Þann 11. júní fengu starfsmenn hug- og félagsvísindasviðs góða heimsókn frá félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Um var að ræða starfsfólk sviðsins sem kom hingað norður til að hitta fólk, sem sinnir svipuðum störfum, og að bera saman bækur. Mikið var rætt um samstarfsmöguleika fræðisviðanna. Stefán B. Sigurðsson rektor hitti einnig gestina og kynnti háskólann fyrir þeim.





Á háskólahátíð veitti rektor verðlaun fyrir afburða frammistöðu í starfi, sem eykur gæði náms og kennslu. Verðlaunin hlaut Sigrún Sveinbjörnsdóttir prófessor í sálfræði. Í niðurstöðu viðurkenningarnefndar kom meðal annars fram, að Sigrún þyki frábær kennari, sem sé sérlega lagið að glæða kennsluna lífi með áhuga sínum og þekkingu.



Á háskólahátíð voru veittir styrkir úr Háskólasjóði KEA. Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, afhentu styrkina. Að þessu sinni voru veittir níu rannsóknarstyrkir, að upphæð alls 4,1 mkr. Þetta var í ellefta sinn sem úthlutað er úr Háskólasjóði KEA. Á myndinni eru styrkþegar, eða fulltrúar þeirra, einnig Halldór Jóhannsson og Stefán B. Sigurðsson lengst til vinstri en Eiríkur Björn lengst til hægri í aftari röð. Fyrir miðri mynd er Dagmar Ýr Stefánsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs. Nánar um styrkþega og verkefni má lesa í kaflanum Styrkir, bls. 52 í ársskýrslunni.

## EITT OG ANNÆÐ



Atvinnu- og nýsköpunarhelgin á Akureyri var haldin í HA í þriðja sinn dagana 5. – 7. júní. Atvinnu- og nýsköpunarhelgi er ætlað að stuðla að nýsköpun fyrirtækja og einstaklinga. HA, Stefna Hugbúnaðarhúss, Tækifæri hf og Akureyrarstofa hafa gert samning sín á milli um framkvæmd helgarinnar næstu þrjú árin. Á myndinni eru frá vinstri: Hreinn Þór Hauksson, verkefnastjóri atvinnumála Akureyrarbæjar, Matthías Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Stofnu Hugbúnaðarhúss, Jón Steindór Árnason, framkvæmdastjóri Tækifæris hf, Helgi Gestsson, deildarformaður viðskiptadeildar HA, Þórgnýr Dýrfjörð, framkvæmdastjóri Akureyrarstofu og Stefán B. Sigurðsson, rektor HA.



Sumrin 2012 og 2013 buðu Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reading á Englandi í sameiningu upp á samarnámskeið í örveruvistfræði norðurslóða. Oddur Vilhelms-son, prófessor við auðlindadeild, er umsjónarmaður af hálfu HA. Rannsakaðar eru örverur í náttúru Íslands, á vettvangi og á rannsóknarstofum háskólans. Skólamir tveir hafa hlotið styrk úr Erasmus áætlun Evrópusambandsins til að þróa námskeiðið áfram með þátttöku Háskólanna í Bremen í Þýskalandi og Ghent í Belgíu.



Við Íslandsklukkuna. Rúnar Gunnarsson verkefnastjóri alþjóðamála tekur á móti nýjum nemendum við athöfn í nýnemavíku í ágúst.



Hallveig Karlsdóttir, fulltrúi nýnema, hringir Íslandsklukkunni þann 30. ágúst. Sá siður hefur tíðkast lengst af, frá því að klukkan var vígð í ágúst 2000, að nýnemi hringi henni í lok nýnemavíku. Annars er henni hringt 1. desember ár hvert. Síðustu ár hefur þó verið gripið til klukkunnar við fleiri hátíðleg tækifæri. Háskólinn leggur mikla áherslu á að bjóða nemendum velkomna til náms og leiks.



Stoltir starfsmenn og nemendur háskólans eftir að Grænfáninn var dreginn að húni. Þann 16. september, á Degi íslenskrar náttúru, tók Háskólinn á Akureyri á móti Grænfánanum, fyrstur íslenskra háskóla til að hljóta þá viðurkenningu. Grænfáninn er viðurkenning Landverndar fyrir góða umhverfisvitund. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri hjá Landvernd, afhenti Stefáni B. Sigurðssyni rektor viðurkenninguna við formlega athöfn. Til að öðlast Grænfánann þarf mikinn undirbúning og hefur Umhverfisráð Háskólans á Akureyri haft forgöngu um þau mál innan skólans. Nánar má lesa um Grænfánann á heimasíðu Landverndar, [www.landvernd.is](http://www.landvernd.is)



Nokkrir fulltrúar frá HA sóttu ráðstefnuna Arctic Circle, um málefni Norðurheimskaupsins, í Reykjavík 12.–14. október. Þar komu saman um 1000 manns af vettvangi stjórn mála, frá félagasamtökum, háskólum og fyrirtækjum frá yfir 40 þjóðlöndum. Háskólinn á Akureyri tók virkan þátt í ráðstefnunni, sem og Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA og Northern Research Forum – NRF. HA og RHA stóðu fyrir tveimur málstofum á ráðstefnunni, *Health and Well Being in the Arctic* og *Climate Change in the Arctic*. Á myndinni eru frá vinstri: Kristín Ágústsdóttir, forstöðumaður markaðs- og kynningarsviðs, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir forstöðumaður RHA og Sigrún Vésteinsdóttir vekefnisstjóri, RHA.

## EITT OG ANNAD



Steingrímur Jónsson, prófessor við auðlindadeild og sérfræðingur við Hafrannsóknastofnun, fór ásamt syni sínum, Jóni Árna, í siglingu með rússneskum ísbrjóti frá Múrmansk. Þann 19. október var skipið stutt á Norðurlópnum. Haldin var hátiðleg athöfn sem átti að vera táknræn fyrir bræðralag þjóðanna átta sem eiga landamæri að Norðurlópnum.



Árlegur Alþjóðadagur HA var haldinn 31. október. Í Miðborg fór fram kynning í umsjá erlendra skiptinema við háskólann. Þeir kynntu menningu og aðstæður í heimalöndum sínum. Einnig kynntu fyrirverandi skiptinemar frá HA sína dvöl við erlenda háskóla. Fjölmarginir gestir nýttu sér tækifærið og róltu milli kynningarbása, fengu að bragða á framandi mat og skoðuðu það, sem fyrir augu bar.



Birthe Naasunnguaq Svendsen stundaði nám í lögfræði á árinu, fyrst grænlenskra ungmenna til að hefja nám við HA. Hún var styrkt til námsins af Heimskautaréttarstofnuninni við HA og er það í fyrsta skipti sem stofnunin veitir svokallaðan Grænlandsstyrk. Fleiri nemendur frá Grænlandi hafa komið í kjölfarið. Myndin er tekin á Alþjóðadegi HA.



Landssamtök íslenskra stúdenta – LÍS voru stofnuð formlega við hátíðlega athöfn í Háskólanum á Akureyri þriðja nóvember. Félag stúdenta við HA átti drjúgan þátt í undirbúningi og framkvæmd þess sögulega atburðar. Hlutverk samtakanna er, að vinna að samræmingu gæðastarfs milli háskóla á Íslandi, og að standa vörð um sameiginlega hagsmuni stúdenta hérlendis sem og á alþjóðavettvangi.

Stofnfélagar voru: Félag stúdenta við HA – FSHA, Nemendafélag Háskólans á Bifröst, Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands, Nemendaráð Listaháskóla Íslands, Samband íslenskra námsmanna erlendis – SÍNE, Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, Stúdentafélag Hólaskóla og Stúdentaráð Háskóla Íslands.




Árshátíðarnefnd starfsmanna vann frumlegt kynningarstarf sem skilaði sér í ágætri þátttöku á árshátíð annan nóvember. Frá vinstri: Edward H. Huijbens, Sigrún Vesteinsdóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir og Pia Viinikka.



Fullveldisdagurinn 1. desember var haldinn hátíðlegur í HA venju samkvæmt. Haldið var málþing um íslensku stjórnarskrána og síðan slegið á léttu strengi. Boðið var upp á kakó, smákökur og körsöng í Miðborg. Sr. Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju, hringdi Íslandsklukkunni þrettán slög, eitt fyrir hvert ár á þessari öld.

## ÁRSREIKNINGUR 2013

### Skipting kostnaðar



### Pús. kr.


Launagjöld	69,0%	1.294.080
Húsnæðiskostnaður	10,5%	196.274
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.	3,5%	65.306
Funda- og ferðakostnaður	4,4%	82.340
Aðkeypt sérfræðipjónusta	4,1%	76.989
Annar rekstrarkostnaður	2,7%	50.717
Eignakaup	0,9%	16.230
Tilfærslur	5,0%	93.729
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>	<b>1.875.665</b>

### Rekstrarreikningur árið 2013

	2013	2012
<b>Tekjur</b>		
Innritunargjöld	106.938.432	103.290.179
Framlög og styrkir	155.688.134	121.771.915
Aðrar tekjur	141.528.289	153.096.892
	<u>404.154.855</u>	<u>378.158.986</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	1.294.079.762	1.210.254.088
Húsnæðiskostnaður	196.273.898	185.075.803
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	65.305.846	64.369.601
Funda- og ferðakostnaður	82.339.954	62.164.731
Aðkeypt sérfræðipjónusta	76.989.009	75.398.488
Annar rekstrarkostnaður	50.717.762	59.005.310
Tilfærslur	93.728.962	90.177.475
	<u>1.859.435.193</u>	<u>1.746.445.496</u>
Eignakaup	16.229.951	12.420.778
	<u>1.875.665.144</u>	<u>1.758.866.274</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármunatekjur</b>	(-1.471.510.289)	(-1.380.707.288)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	5.649.065	3.718.292
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	(-1.465.861.224)	(-1.376.988.996)
Ríkisframlag	<u>1.489.475.000</u>	<u>1.392.500.000</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	<u>23.613.776</u>	<u>15.511.004</u>



## Skipting tekna



		Pús. kr.
Innritunargjöld	5,6%	106.939
Aðrar tekjur	7,7%	147.177
Framlög	8,2%	155.688
Ríkisframlag	78,4%	1.489.475
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>	<b>1.899.279</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	2013	2012
<b>Eignir</b>		
<b>Áhættufjármunir</b>	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
Eignarhlutir í félögum	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Viðskiptakröfur	113.021.798	102.987.654
Handbært fé	<u>143.275.029</u>	<u>151.240.633</u>
	<u>256.296.827</u>	<u>254.228.287</u>
<b>Eignir alls</b>	<u>270.296.827</u>	<u>268.228.287</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
<b>Höfuðstóll:</b>		
Höfuðstóll í ársbyrjun	(20.473.762)	(35.984.766)
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>23.613.776</u>	<u>15.511.004</u>
<b>Höfuðstóll</b>	<u>3.140.014</u>	<u>(20.473.762)</u>
<b>Eigið fé</b>	<u>3.140.014</u>	<u>(20.473.762)</u>
<b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Ríkissjóður	135.527.260	136.584.318
Fyrirfram innheimtar tekjur	84.245.783	56.433.974
Viðskiptaskuldir	<u>47.383.770</u>	<u>95.683.757</u>
Skuldir	<u>267.156.813</u>	<u>288.702.049</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<u>270.296.827</u>	<u>268.228.287</u>



## BRAUTSKRÁNING 15. JÚNÍ 2013

Háskólinn á Akureyri brautskráði 292 kandiðata á háskóla-hátíð 15. júní. Af þessum hópi voru 104 sem stunduðu fjarnám fyrir milligöngu háskólasetra og símenntunarmiðstöðva, 56 sem stunduðu lotunám og 132 staðarnám. Flestir kandiðatar voru brautskráðir frá hug- og félagsvísindasviði eða 135. Frá heilbrigðisvísindasviði 70 en frá viðskipta- og raunvísindasviði brautskráðust 87 kandiðatar.

### Brautskráning var sem hér segir:

BS próf í hjúkrunarfræði 46

BS próf í iðjubjálfunarfræði 18

Dipl Sc í heilbrigðisvísindum 4

MS próf í heilbrigðisvísindum 2

BA próf í fjölmiðlafræði 8

BA próf í nútímafræði 3

BA próf í samfélags- og hagþróunarfræði 3

BA próf í sálfræði 17

BA próf í þjóðfélagsfræði 2

BEd próf í kennarafræði 36

Kennslufræði til kennsluréttinda 8

Dipl Ed í menntunarfræði 6

Dipl Ed í menntavísindum 4

MEd próf í menntunarfræði 19

BA próf í lögfræði 16

Diplóma í heimskautarétti 1

MA próf í heimskautarétti 1

ML próf í lögfræði 11

BS próf í líftækni 8

BS próf í sjávarútvegsfræði 7

BS próf í umhverfis- og orkufræði 9

MS próf í auðlindafræði 2

MRM próf í haf- og strandsvæðastjórnun 18

BS próf í viðskiptafræði 41

MS próf í viðskiptafræði 2

### Brautskráðir frá upphafi

Deild	2013	Samtals
Auðlindaeild		49
Félagsvísinda- og lagadeild	62	489
Heilbrigðisdeild	70	983
Kennaradeild	73	1.756
Viðskipta- og raunvísindadeild	87	549
Viðskipta-/Rekstrardeild		476
Sjávarútvegsdeild		96
Upplýsingatæknideild		32
<b>Samtals</b>	<b>292</b>	<b>4.430</b>





### Viðurkenningar fyrir námsárangur hlutu:

Hjúkrunarfræði BS – Heiða Berglind Magnúsdóttir

Hjúkrunarfræði BS – Svanhildur Ósk Sigurfinnsdóttir

Iðjuþjálfunarfræði BS – Dagný Linda Kristjánsdóttir

Iðjuþjálfunarfræði BS – Lena Rut Olsen

Félagsvísindi BA – Hildur Friðriksdóttir

Kennarafræði BEd – Ruth Margrét Friðriksdóttir

Menntunarfræði MEd – Hermann Jón Tómasson

Lögfræði BA – Elísabet Líf Magnúsdóttir

Lögfræði ML – Aðalheiður Ámundadóttir


Heimskautaréttur MA – Federica Scarpa

Auðlindafræði BS – Margrét Eva Ásgeirsdóttir

Viðskiptafræði BS – Kristín Baldvinsdóttir

Viðskiptafræði BS – Steinar Örn Stefánsson

### Brautskráðir 2013



## BRAUTSKRÁNINGARRÆÐA REKTORS



Kæru kandiðatar, menntaráðherra, Illugi Gunnarsson, verðandi rektor, Eyjólfur Guðmundsson, fyrrum rektor, Þorsteinn Gunnarsson, ágæta samstarfsfólk og aðrir góðir gestir.

Hjartanlega velkomin á árlega háskólahátíð Háskólans á Akureyri sem er nú í fyrsta sinn haldin í þessum glæsilegu húsa- kynnum skólans. Við vissum að hér yrði þétt setið og var því nauðsynlegt að takmarka fjölda gesta. Ég vona að það fari vel um alla.

Fyrir fimm árum síðan, í júní 2009, var ég sem gestur, viðstaddur útskriftarathöfn sem þessa og beið þá eftir að taka við stjórn Háskólans á Akureyri. Nokkrum mánuðum áður hafði dunið yfir þjóðina eitt mesta efnahagshrun sem hún hefur gengið í gegnum. Fjárveitingar til skólans höfðu lækkað verulega og nauðsynlegt var að beita kröftugum niðurskurði í rekstri skólans til að geta rekið hann samkvæmt fjárlögum. Það tókst og um leið að skila dálitlum rekstrarafgangi til að greiða upp í þann skuldahala sem hvíldi á skólanum. Þetta hefur síðan verið endurtekið árlega síðastliðin fimm ár. Skólinn hefur þurft að búa við samfelldan niðurskurð en samt tekist að skila rekstrinum réttu megin við strikið öll árin. Nú um síðustu áramót tókst að lokum að greiða upp síðustu skuldir skólans og hann ætti því að vera í góðum málum í dag.

Hvernig var þetta hægt? Jú, þetta hefur tekist með samstilltu átaki nær allra starfsmanna skólans. Ár eftir ár var leitað nýrra leiða til að lækka rekstrarkostnaðinn. Ein leiðin var að ráða ekki í stöður sem losna og leggja starfsálagið á þá starfsmenn sem eftir voru. Þannig hefur okkur tekist að bregðast við niðurskurði þar sem við höfum misst eina krónu af hverjum fjórum en um leið tekist að greiða upp þær skuldir sem á okkur hvíldu. Ég fullyrði að skólinn er í dag einn best rekni háskólinn á Íslandi þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður, en ég vil leggja áherslu á að lengra verður ekki gengið. Við trúum því einlæglega að botninum sé náð hvað þetta varðar.

Bjartari tímar eru vonandi framundan. Ekki skortir tækifærin, þau blasa hvarvetna við. Á höfuðborgarsvæðinu eru um 30% íbúa með háskólamenntun og talið er að það þurfi að auka þann fjölda. Á landsbyggðinni eru einungis um 20% íbúa með háskólapróf og þar þarf því heldur betur að efla menntunars- stig. Við.

Allt bendir til að þörfin sé mest hvað varðar tæknimenntun. Efla þarf iðnmenntun á framhaldsskólastigi á landsbyggðinni

og síðan byggja upp möguleika á áframhaldandi tækninámi á háskólastigi, til dæmis hér við HA.

Ekki er vafi að það mun um leið efla sókn karla í háskólanám en hún hefur farið ört minnkandi undanfarin ár. Að sjálfsögðu er þetta um leið tækifæri til að efla þátttöku kvenna í tækninámi. En við eigum ekki síður að leggja áherslu á að efla þátttöku karla í hefðbundnum kvennagreinum, eins og hjúkrunar- og kennarafræðum.

Mikilvægt er að við í háskólunum kynnum okkur þær leiðir sem skila hvað bestum árangri í námi í dag. Þar gegna samskipti gegnum netið hvað mestu hlutverki. Fyrirlestrar eiga að fara á netið og vera stuttir og hnitmiðaðir. Rannsóknir sýna að eftir 10 mínútna hlustun fer athygli hlustandans að dvína.

Staðarnemarnir vilja einnig fá fyrirlestrana á netinu, þeir vilja getað hlustað á þá þegar þeir eru vel upplagðir og hlustað á þá aftur og aftur. Tímann þegar nemendur hittast og þeir vinna með kennurum sínum á að nota til að efla samskipti, í samræður um námsefnið, að vinna saman að lausn vandamála því tengdu, ekki í fyrirlestra. Þegar við höfum skapað slík tengsl geta einstaklingarnir farið til síns heima og haldið áfram samskiptum yfir netið.

Mikil tækifæri geta legið í norðurslóðamálu- num t.d. varðandi nýjar siglingaleiðir. Þar eiga eftir að verða miklar breytingar á næstu árum og áratugum. Það er eins gott að við Íslendingar látum þau tækifæri ekki fram hjá okkur fara.

Þó að HA hafi lengi verið í forystu meðal háskóla á Íslandi varðandi norðurslóðamál þarf að efla þá hugsun í öllum háskólum landsins. Það þarf að auka samstarf milli skólanna í þeim efnum. HA stefnir þó að því að halda forystuhlutverkinu á þeim sviðum þar sem við höfum styrk og reynslu til.

Árlega hittast rektorar norðurslóðaháskóla í einhverju aðildar- landanna og kallast þessi ráðstefna Rectors' Forum. Í lok maí var slík ráðstefna haldin hér við Háskólann á Akureyri. Þema ráðstefnunnar var: *Menntun á norðurslóðum, jafnrétti og heilbrigði*. Kom það eflaust mörgum hinna nærri fjöru- tíu rektora á óvart hvað við höfðum mikið fram að leggja í þessum málum.

Allt bendir til þess að áhrif hnattrænnar hlýnunar, Global Warming, séu komin til að vera og fari vaxandi. Flest þessara áhrifa mun vera neikvæð, þau munu hafa áhrif sem leiða til þess að við þurfum að breyta okkar lífnaðarháttum. Hér getur



Háskólinn á Akureyri lagt sitt af mörkum til að bregðast við þessum breytingum.

Háskólinn á Akureyri fékk góða heimsókn í upphafi vikunnar. Það var skemmtiferðaskip með um átta hundruð farþegum. Flestir þeirra voru nemendur sem höfðu keypt sér tveggja vikna ferð fyrir um 500 þúsund krónur á mann til að læra um hnatt-ræna hlýnun. Þeir unnu í námskeiðum um borð með háskóla-kennurum frá Western Kentucky University. Námskeiðin fjölluðu um hagfræði hlýnunar, umhverfisfræði hlýnunar, miðlun þekk-ingar um hlýnun og framtíðarsýn ungs fólks varðandi þessi mál. Skipið kom við á Hjaltlandseyjum og á þremur stöðum hér á landi, Reykjavík, Ísafirði og svo hér á Akureyri þar sem nem-endahóparnir héldu málþing og kynntu fyrir okkur niðurstöður sínar. Í tilefni þessa gáfu nemarnir háskólanum 100 dollara og fyrir það fé var keypt eplatré sem var gróðursett hér sunnan við bygginguna. Það á að vera tákn þeirrar loftslagshlýnunar sem við erum farin að búa við.

Ferðamennska er að verða stærr og stærr atvinnugrein hér á landi og það stefnir í að ferðamenn verði orðnir um ein milljón á ári eftir eitt til tvö ár. Besta mál segja margir. En hvenær verða þeir tvær milljónir, þrjár milljónir, hvað gerist þá? Erum við undirbúin undir það? Við þurfum að bregðast við auknum ferða-mannastraumi með markvissri og aukinni menntun okkar fólks í málefnum ferðamennskunnar til að geta tekist á við þetta.

Kæru kándídatar, þið heyrðið að tækifærin og verkefnið eru víða.

Gæðaráð íslenskra háskóla, sem starfar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, gerði fyrir nokkrum dögum opinber- ar niðurstöður viðamikillar úttekta á gæðum náms við Háskól- ann á Akureyri.

Úttektin er liður í skipulegu eftirliti Gæðaráðsins með gæðum náms við íslenska háskóla og er Háskólinn á Akureyri fjórði há- skólinn sem gengst undir slíkt ferli.

Úttektin var að venju framkvæmd af fjórum erlendum sér- fræðingum auk nemendafulltrúa. Í henni fólst að meðal annars var gerð úttekt á aðstöðu skólans ásamt því að fundað var með fulltrúum nemenda, starfsmanna og stjórnenda, há- skólaráði, brautskráðum nemendum og fulltrúum atvinnulífs- ins á starfssvæði háskólans.

Í skýrslu úttektarnefndarinnar segir að hún beri traust (con- fidence) til Háskólans á Akureyri, bæði hvað varðar akademískt

starf og námsumhverfi nemenda. Það er besta einkunn sem háskóli getur fengið við fyrstu úttekt samkvæmt núverandi kerfi.

Meðal helstu niðurstaðna úttektarinnar má nefna, að Há- skólanum á Akureyri er hrósað fyrir góða starfshætti, til dæmis varðandi framboð í fjarkennslu, gæðastarf, húsnæði og námsumhverfi, markaðsstarf, bókasafnsþjónustu, öflun upplýsinga með könnunum og virkni nemenda í starfsemi háskólans. Úttektarnefndin gerir aftur á móti athugasemd- ir við nokkra þætti er lúta að fyrirkomulagi nefnda við stjórn skólans, hvernig niðurstöður eru nýttar í innra gæðastarfi, nokkrar athugasemdir varðandi skipulag fjarkennslu, varðandi mannauðsstjórnun (okkur vantar mannauðsstjóra) og varðandi ákveðin atriði í umsýslu erlendra nemenda svo dæmi séu tek- in. Skólinn var nokkuð vel meðvitaður um þessa þætti og eru viðbrögð við þeim á aðgerðaáætlun skólans fyrir 2014-2015.

Á skólaárinu 2013-2014 hafa tveir starfsmenn hætt störfum við skólann vegna aldurs. Sigþór Pétursson, prófessor í raun- vísindum við viðskipta- og raunvísindasvið, lét af störfum um síðastliðin. áramót. Hann hóf störf við HA um 1990 og var því einn af elstu starfsmönnum skólans.

Dórothea Valgarðsdóttir umsjónarmaður lét af störfum síð- astliðið sumar. Hún hóf störf við háskólann árið 2000.

Tveir sendu kveðjur og heillaóskir í tilefni af háskólahátíð: Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri og Jón Már Héðinsson, skólameistari MA. Þeir gátu því miður ekki verið viðstaddir.

Kæru kándídatar.

